

Fjarðaálsfréttir





Þetta blað uppfyllir strangar umhverfiskröfur norræna umhverfismerkisins Svansins. Til að uppfylla skilyrði Svansins þarf prentgripur að vera prentaður á umhverfissvottaðan pappír sem unninn er úr nytjaskógum. Við prentun eru notaðir jurtaprentlitir og umhverfissvæn hreinsiefni. Halda þarf nákvæmt grænt bókhald yfir alla þætti prentferilsins og allur úrgangur sem myndast við framleiðslu prentaðrar vöru skal endurunninn eða komið til ábyrgrar förgunar.

Útgefandi: Alcoa Fjarðaál

Ábyrgðarmaður og ritstjóri:

Dagmar Ýr Stefánsdóttir

Vinnsla efnis: Anna Heiða Pálsdóttir, Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Hilmar Sigurbjörnsson.

Umbrot og hönnun: Brandenburg

Ljósmyndir: Hilmar Sigurbjörnsson o.fl.

Forsíðuljósmynd: Hilmar Sigurbjörnsson

Á forsíðu: Elísabet Esther Sveinsdóttir

og Arnar Goði Valsson

Prentun: Héraðsprent

EFNISYFIRLIT

04 Leiðari – Ár áskorana

06 Tekst á við lífsins ólgusjó með bros á vör

12 Áhugamálið

17 Bókaormur Fjarðaáls

18 „Jólin snúast um frið og ró og að njóta samveru með öðrum“

24 Jólaskemmtun Sóma

26 „Það verður líklega ekkert úr þessum dreng!“

32 Allt í sóma hjá Sóma

34 Hreinsun strandlengju Fjarðabyggðar

36 Ótrúlegur listamaður í steypuskálanum

39 Vatnajökulsþjóðgarður á heimsminjaskrá

40 Vel heppnuð ráðstefna um jafnréttismál á vinnustöðum

42 Allt nýtt sem hægt er að nýta

44 Styrkúthlutun 2019 hjá Alcoa Fjarðaáli

48 Stæsti hópurinn útskrifaður

50 Háspennukefli verða að stofuborðum

52 „Action“ sjálfboðaverkefni

54 Verkar mörg hundruð ára gamlan hákarl fyrir þorablót

57 Styrkur til vísindasamfélagsins

58 Álræn nytjalist

ÁR ÁSKORANA



Heill og sæll, kæri lesandi! Nú hefur þú fengið í hendur 12. tölublað Fjarðaálsfréttanna sem Fjarðaál gefur út árlega í þeim tilgangi að deila fréttum af fyrirtækinu og veita lbúum á Austurlandi innsýn inn í líf og störf fólksins í álverinu. Blaðinu er dreift um allt Austurland, frá Vopnafirði til Djúpavogs og í því kennir ýmissa grasa. Á forsiðunni að þessu sinni er Elísabet Sveinsdóttir ásamt syni sínum Arnari Goða sem bæði gengu í gegnum miklar raunir á árinu en láta hvorugt bilbug á sér finna. Við fáum einnig að kynnast nýjum forstjóra Fjarðaáls en hann kemur frá Noregi og deilir sýn sinni á að koma nýr inn í fyrirtækið og samfélagið hér á landi. Einnig er rætt við nýjasta meðliminn í framkvæmdastjórn Fjarðaáls sem jafnframt er sá yngsti sem þar hefur tekið sæti. Saga hans mun eflaust veita einhverjum innblástur en hann var afskrifaður í grunnskóla sem tossi en hefur heldur betur komist langt í lífinu þrátt fyrir erfiða byrjun á skólagöngu sinni. Fjölmarginn fleira efni má finna í blaðinu

en það er alltaf jafn skemmtilegt að vinna þetta blað og komast að því hvað við búum að frábærum mannauði hér í álverinu sem hefur svo áhugaverðar sögur að segja.

Eitt af því sem finna má í blaðinu eru spurningar augnabliksins þar sem við spurðum fólk á förnum vegi meðal annars út í áramótaheit og hvort það hygðist strengja slíkt. Margir voru á því að áramótaheit væru marklaus þar sem enginn héldi þau út og þau gleymist oft þegar skammt er liðið á árið. Einn sagði okkur að hann hefði lesið að 95% áramótaheita sem eru strengd sé ekki staðið við! Hvað sem því líður þá geta áramótin verið ágætis tímamót til að huga að markmiðum þótt gott geti verið að setja þau til skemmri tíma en heils árs. Þá ritaði einhvern tímann vitur manneskja að markmið án áætlunar væri bara draumur og það getur verið gott að hafa það í huga við markmiðasetningu á nýju ári. Sjálf strengdi ég í fyrsta skipti áramótaheit fyrir tæpu ári síðan þegar ég ákvað að taka á eigin neysluóhófi. Ég áttaði mig á því að ég var alltof oft að kaupa einhvern varning eingöngu af því að mig langaði að eignast hann, ekki af því að þörf væri fyrir hendi. Ég er ekki að segja að fólk geti ekki stundum glatt sig með því að kaupa eitthvað sem hjartað þráir en það þarf að hafa hof á því líkt og öðru – ekki síst í ljósi umræðunnar um loftslagsmál og óhóflega neyslu okkar Vesturlandabúa.

Af þessum sökum ákvað ég að strengja það áramótaheit í upphafi ársins 2019 að gerast ábyrgari neytandi og kaupa engan óþarfa allt árið, fara sem sagt í kaupbann á öðru en nauðsynjavöru eins og mat og fötum handa börnunum mínum. En fyrir mig sjálfa ætlaði ég ekki að kaupa neitt nema endurnýja það sem kláraðist líkt og snyrtivörur sem ég nota dagsdaglega. Það sem ég setti á bannlistann voru föt, skór, bækur, skrautmunir fyrir heimilið og nýjar snyrtivörur. Til að gera langa sögu stutta nú í lok árs þá gekk

þetta mun betur en ég hefði þorað að vona og var miklu minna mál en ég hélt að það yrði. Ég komst að því að ég átti feykinóg af fatnaði og skóm en mér þótti reyndar stundum erfitt að standast það að grípa með mér spennandi bækur sem ég rakst á í búðum. Bókabúðir eru skemmtilegustu verslanir sem ég fer í svo ég reyndi bara að forðast þær sem mest þetta árið. En það að skora á sjálfa mig með þessum hætti var mér afskaplega hollt og nú skora ég á aðra að hugleiða þessa hluti einnig. Það sem ég hef lært á þessu ári er fyrst og fremst að bera kennsl á gerviþarfnar mínar og greina sundur langanir og það sem ég þarf á að halda. Ég er ekki að segja að ég muni aldrei aftur festa kaup á flík bara af því að mér þykir hún falleg og mig langar í hana, að sjálfsgöðu mun ég gera það, en vonandi verður það sjaldnir og mun þar af leiðandi veita mér enn meiri gleði! Núna er minn helsti höfuðverkur að huga að því hvernig ég held áfram með þetta verkefni á nýju ári – ég vil ekki detta aftur í sama gamla farið en ég er heldur ekki viss um að ég treysti mér aftur í heilt kauplaust ár.

En þetta var ekki eina áskorunin sem ég tók þátt í á árinu. Í ágúst skoraði öflug þróttakona á Egilsstöðum á vini sína í 100 daga hreyfiáskorun. Hún gekk út á það að fara út að ganga eða hlaupa visst marga kílómetra á hverjum degi í 100 daga. Ég ákvað að skorast ekki undan þessu og ýmist gekk eða hljóp 4 km að lágmarki hvern dag frá 1. september til 9. desember. Þetta var óskaplega skemmtilegt þrátt fyrir að suma daga væri þetta eintómt vesen og mig langaði bara alls ekki út. En ég get sagt ykkur það að ég sá aldrei eftir því í eitt einasta skipti þegar ég var búin að fara. Á næsta ári hef ég ákveðið að taka þátt í annars konar og mun umfangsmeiri hreyfiáskorun sem nefnist 300 dagar af hreyfingu eða #300daysofactivity. Þá skuldbind ég mig til að hreyfa mig í minnst hálf tíma á dag 300 daga af 365 dögum ársins, en hreyfingin verður fjölbreyttari en bara hlaup

og ganga. Ég hvet ykkur öll til að vera með! Ekki endilega í þessu ef það hentar ykkur ekki – en finnið eitthvað sem ögrar ykkur smá og fær ykkur til að stíga aðeins út fyrir þægindarammann.

Að lokum vil ég fyrir hönd Alcoa Fjarðaáls óska ykkur gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári. Ég vona að lestur Fjarðaálsfréttanna veiti ykkur margar ánægjustundir yfir hátíðirnar.

Ritstjórnarkveðja,

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
yfirmaður samskipta og samfélagsmála



Elísabet Esther Sveinsdóttir

TEKST Á VIÐ LÍFSINS ÓLGUSJÓ MEÐ BROS Á VÖR

Árið 2019 var viðburðaríkt hjá
Elísabetu og fjölskyldu hennar

Íþróttagarpurinn og mannauðssérfræðingurinn Elísabet Esther Sveinsdóttir hefur unnið hjá Fjarðaáli síðan árið 2007, lengst af í mannauðsteymi. Þótt Elísabet sé alltaf á hlaupum náðu Fjarðaálsfréttir tali af henni snemma á aðventunni. Árið 2019 hefur verið einkar viðburðaríkt í hennar lífi en fyrr á árinu greindist hún með krabbamein í leghálsi. Veikindin og áskoranir tengdar þeim tókst hún á við með sama æðruleysi og hún tekst á við uppeldi á níu ára syni sínum sem fæddist með klofinn hrygg en þegar hún var rúmlega hálfnuð með þá meðgöngu þurftu hún og eiginmaður hennar að taka stóra ákvörðun um framtíð barnsins og þar með þeirra sjálfra.

Æskuárin á Norðfirði

Þótt Elísabet sé fædd í Reykjavík fluttu foreldrar hennar með hana kornunga til Norðfjarðar. „Foreldrar mínir flökk-uðu mikið en ég er mjög jarðbundin, eða kannski jarðbundin flökkukind. Ég hefði viljað hafa meiri fótfestu í æsku,” segir hún. Faðir Elísabetar, Sveinn, er lærður kokkur og fékk pláss á skipi á Norðfirði og veitti ekki af góðum launum til þess að halda uppi fjölskyldunni.

Af hverju völduð þið Norðfjörð? „Við eigum rætur á Norðfirði. Af minn bjó þar þegar hann var lítill og átti systkini á Norðfirði. Ég á mjög stóra fjölskyldu hérna fyrir austan.” Talandi um stóra fjölskyldu, þá er Elísabet elst af sex systrum. Það er einungis ár á milli hennar og Þóreyjar, sem er næstelst, en þær hafa alltaf verið miklar vinkonur. Þriðja systirin, Sívía, kom í heiminn þegar Elísabet var sjö ára. „Ég var stundum vond við hana. Ég kleip hana og hún grenjaði, en seinna urðum við góðar vinkonur.”

Á kafi í íþróttum á Blönduósi

Þegar Elísabet var níu ára flutti fjölskyldan til Blönduóss. Faðir Elísabetar var kokkur á hotelinu þar og vann við matseld í sláturhúsinu á haustin og þar vann móðir hennar líka við slátrun. „Ég á ofboðslega góðar minningar frá Blönduósi,” segir Elísabet. „Þar var góður félagsskapur og mér leið vel í því íþróttasamfélagi sem var þar. Félagslífið snérist mikið um það að vera í ungliðahreyfingunni, fót-bolta, körfu og sundi.” Skyldu rætur hennar í íþróttum hafa myndast þar? „Ekkert frekar, ég held að þetta hafi bara verið smíðað í genin mín. Ég man eftir mér vera að bögglast sex til sjö ára gömul með skíðin mín í Oddsskarði, ein. Ég er ekki að grínast! Náttúrulega fékk ég aðstoð frá staðarhaldara en ég var bara send í rútunni með skíðin. Mamma vissi að hann myndi taka á móti mér.”

Á Blönduósárunum stækkaði fjölskyldan: fjórða systirin, Hulda, kom í heiminn þegar Elísabet var tlu ára og svo kom sú fimmta, Svana, þegar hún var tólf ára. „Ég gleymi því aldrei þegar mamma varð ólétt af fimmtu stelpunni. Mér fannst það hræðilega vandræðalegt. Ég var unglingur og mamma mín með óléttubumbu!”

Til Reykjavíkur og djammaið tók við

„Við bjuggum á Blönduósi þangað til ég var fimmtán eða sextán ára gömul og þá flutti fjölskyldan til Reykjavíkur,” segir Elísabet. „Þar bjuggum við í smátíma en síðan fluttu foreldrar mínir á Reyðarfjörð. Það voru ekki eins miklar tekjur fyrir pabba í landi eins og á sjónum svo hann fór á sjóinn aftur.” Foreldrar hennar ætluðu ekki að eignast fleiri börn en öllum að óvörum fæddist ein dóttir í viðbót og það



Samrýmd fjölskylda f.v. Valur, Arnar Goði, María Dögg og Elísabet. Á myndina vantar tvær eldri dætur Elísabetar sem voru ekki heima við þegar myndin var tekin.

eru 25 ár á milli hennar, Nataly, og Elísabetar. „Reyndar eru bara níu mánuðir á milli Nataly og miðju dóttur minnar. Við vorum ekki aldar upp saman.“

Hin sextán ára Elísabet varð eftir í Reykjavík þegar fjölskylda hennar flutti til Reyðarfjarðar enda var ekki lengur pláss fyrir hana á fjölmenna heimilinu. Hún tók á leigu íbúð í bænum með vinkonum sínum og sótti fyrsta skólaárið í Fjölbrautaskólanum í Ármúla. „Það var skemmtilegur tími og yndislegt að búa með bestu vinkonu minni, Jóhönnu. Svo kallaði pabbi mig heim því hann hélt að ég væri komin í svo mikið rugl. Auðvitað var djamm á manni en ég var aldrei í rugli. Það var samt mikið djamm, mikið gaman,“ segir Elísabet og hlær.

Viðburðarríkur tími

Elísabet hlýddi kalli föður síns. „Þá kom ég austur og fór að vinna í afleysingum hjá GSR sem var útgerðarfélagið hér á Reyðarfirði.“ Elísabet kynntist fljótlega Steinþóri, fyrrverandi sambýlismanni sínum og barnsföður. „Það var ekki pláss heima svo ég flutti innan skamms inn til hans. Þá breyttist margoft í mínu lífi og ég fullorðnaðist mikið. Ég var aðeins átján ára og ákvað að fara í fjarnám. Hann var að klára stúdentinn í ME. Við ákváðum að vinna hérna einn vetur og fara svo saman suður í skóla.“

Unga parið flutti suður, hann fór í háskóla og hún í Viðskipta- og tölvuskólann í almennt skrifstofunám. „Mig

langaði að prófa eitthvað allt annað. Mér fannst það bara geggjað. Námið tók eitt ár og svo fékk ég vinnu hjá bílaumboði, Ingvari Helgasyni. Ég kom nítján ára inn í það fyrirtæki og fékk fullt af tækifærum.“ Steinþór fór síðan í jarðfræði í HÍ og Elísabet hóf fjarnám í FÁ með vinnu. „Svo varð ég ólétt, tuttugu ára. Við eignuðumst Bryndísi sem er elsta stelpa, hún fæddist árið 2000.“

Á meðan Elísabet var enn í fæðingarorlofi og Bryndís var sex mánaða, reimaði hún aftur á sig íþróttaskóna en hún hafði verið í hléi frá sextán ára aldri. „Ég fór að æfa í Hreyfingu og fór í þjálfun þar sem leiðbeinandi. Ágústa Johnson valdi alltaf tvo nemendur á ári inn í kennarahópinn hjá sér og ég var svo heppinn að vera önnur af tveimur þetta árið. Við tók nokkurra mánaða þjálfun áður en við fórum að kenna.“

Austrið heillar á ný – og ástin

Næstelsta dóttir Elísabetar og Steinþórs, Bergdís fæddist árið 2005 en árið 2007 ákváðu þau að flytja aftur austur. „Steinþór var meira spenntur en ég. Ég var að vinna á verkfræðistofu í bænum og Guðný Björg Hauksdóttir, mannauðsstjóri hjá Fjarðaáli, þekkti til mín þaðan. Aðalheiður vinkona mín, sem þá var ritari forstjóra, var að fara í fæðingarorlof og Guðný bað mig um að koma austur og leysa hana af.“ Þegar Aðalheiður var komin aftur til starfa var Elísabet ráðin í tímabundin verkefni í mannauðsteymi sem endaði svo með fastráðningu í því teymi. „Ég var ekki

vel stemmd persónulega fyrstu árin hjá Fjarðaáli. Það hefur ekkert með Alcoa að gera. Einkalífið var í molum.“ Svo fór að Elísabet og Steinþór skildu. „Það er alltaf erfitt að skilja en líka að vissu leyti léttir,“ segir hún og kveðst hafa fundið sig mun betur í vinnunni eftir það.

Haustið 2008, þremur mánuðum eftir að Elísabet skildi, hitti hún Val Þórsson í hlaupi á Norðfirði. „Hlaupin leiddu okkur saman. Hann er maðurinn í mínu lífi. Ég er búin að vera með Val í ellefu ár og er ennpá jafn skotin í honum. Mér finnst hann æðislegur.“

Fyrsta barn Elísabetar og Vals, Arnar Goði, fæddist í desember 2009. „Það gerðist hratt en mér leið vel yfir þessu í hjarta mínu. Ég var ekkert að hugsa um almenningsálitið en sumum fannst þetta allt gerast full hratt.“

Að eignast fatlað barn

Þegar Elísabet var gengin 21 viku á leið fóru þau Valur í sonar á Egilsstöðum. „Ljós móðirin sá að eitthvað var að og sagði að ég væri bara að fara að eiga barnið.“ Þau fóru suður til frekari rannsókna og mættu meiri skilningi þar. Drengurinn reyndist vera með klofinn hrygg. „Við fengum að ákveða hvort við vildum halda meðgöngunni áfram eða fæða hann andvana,“ segir Elísabet. Hvernig leið henni að taka þessa ákvörðun? „Það var búið að fara yfir með okkur hvað hugsanlega gæti verið að og hvað ekki. Það lá ljóst fyrir hjá okkur báðum. Ég vissi ekki hvað það var að vera með klofinn

hrygg fyrst þegar okkur var greint frá því hvað væri að. En við ákváðum að halda áfram með meðgönguna og takast á við þetta stóra verkefni. Í raun var aldrei efi í mínum huga að ég væri að taka rétta ákvörðun að halda áfram með meðgönguna.“

Nú var Elísabet búin að ganga með og eignast stelpurnar tvær. Var þetta ólík upplifun? „Þetta er keisarabarn, ég fékk ekki að eiga hann eðlilega. Hann kom öskrandi í heiminn og var að því leyti heilbrigður.“ Arnar Goði þurfti að fara strax í aðgerð til þess að loka sárinu á bakinu á honum. Hjá börnum með klofinn hrygg myndast oft vatnshöfuð og það gerðist nokkrum dögum eftir að hann fæddist. Þá þurfti hann að fara í aðgerð þar sem ventill var settur inn í heilahólfið til þess að vökvi myndi leka út. Hann þurfti að dvelja tvær vikur á spítalanum áður en þau fengu að fara austur og fyrstu mánuðirnir gengu bara vel að sögn Elísabetar. „Hann var á brjósti í átján mánuði. Hann er mjög kátur strákur. Styrkurinn í fótum er mismikill en hann getur gengið þokkalega vel. Hann skíðar, og hann fer í fótbolta á hverjum einasta degi. Það eru fylgikvillar – hann hefur ekki stjórn á hægðum eða þvagi og mun aldrei gera.“ Elísabet tekur fram að Arnar Goði sé með vatnshöfuð en þau finni ekki fyrir því dags daglega. Þó hafi þau farið mjög margar ferðir suður þegar hann var 2-4 ára þar sem ventillinn var alltaf að stíflast.

Hefur þetta haft áhrif á viðhorf Elísabetar til lífsins? „Að umgangast fatlaða einstaklinga veitir mér mikla gleði og ég sé hlutina í öðru ljósi. Það eru ríkjandi svakalega miklir fordómar gagnvart fötluðum, því miður. Þú sættir þig náttúrulega aldrei við það að barnið þitt sé ekki heilbriggt. Hann lærir að lifa með þessu, að gera allt á sínum hraða. Hann á eftir að eiga gott líf að ég tel, hann mun geta stundað einhverja vinnu en ekki líkamlega krefjandi. Maður þarf að passa sig að vefja ekki einstaklinginn inn í alltof mikla bómull. Hann þarf að hafa aðeins meira fyrir lífinu en aðrir sem eru heilbrigðir og það er bara best að átta sig á því strax. Það tekur allt lengri tíma hjá honum og stundum er það erfitt fyrir svona öra manneskju eins og mig. Hann er klár strákur, mikill tónlistarunnandi og með rosalega fótboltadellu,“ segir Elísabet með bros á vör. Fyrir tveimur árum greindist Arnar Goði með flogaveiki líka, sem Elísabet segir að sé skelfilegur sjúkdómur. Hann herjar mjög á Arnar og tekur á taugarnar hjá allri fjölskyldunni enda erfitt að horfa upp á barnið sitt í flogaköstum.

Líkamsræktarfrömuður á Reyðarfirði

Elísabet er í fullri vinnu hjá Fjarðaáli, með stóra fjölskyldu að sjá um og er líka að kenna íþróttir. Hvernig er það hægt? „Þegar ég bjó í Reykjavík var ég að kenna í Hreyfingu á morgnana áður en ég fór í vinnu og svo í hádegishléinu og stundum eftir vinnu. Stelpurnar komu bara með mér, að leika sér, þær eru líka aldar upp þarna! Svo flutti ég austur. Ég ákvað að nýta mér þessa góðu aðstöðu sem við höfum í íþróttahúsinu og setti upp námskeið í svipuðum stíl og ég var með í Reykjavík, fyrir konur. Þetta hefur staðið alla tíð



Fjölskyldan hjálpast að við að þúsla stórt jólapúsluspil og stunda um leið núvitund.

síðan 2007. Mér finnst ofboðslega skemmtilegt að hreyfa mig en það besta er félagsskapurinn. Hann er númer eitt, tvö og þrjú. Það veitir þátttakendum mikla gleði, þeim líður vel og þá líður mér vel. Ég væri till í að sjá miklu fleiri konur hreyfa sig meira heldur en þær gera. Þetta er drifkrafturinn fyrir mig og veitir mér meiri orku.“

Áskoranir á árinu sem er að líða

Nú hefur Elísabet gengist undir krabbameinsaðgerð á þessu ári. Hvernig gekk það? „Þetta krabbameinsbrólt byrjaði ekki á mér heldur Arnari fyrir ári síðan. Þá greindist hann með æxli fyrir aftan þvagblöðruna. Það reyndist sem betur fer vera góðkynja en við vissum það ekki strax. Ég var hérna heima og pabbi hans í Reykjavík þar sem Arnar fór í sneiðmynd til að athuga með allt aðra hluti heldur en þetta þegar æxlið fannst fyrir tilviljun. Það var á stærð við góða mandarínu. Þeir vildu framkvæma skurðaðgerð en þurftu að ákveða hvort það ætti að stækka þvagblöðruna í leiðinni.“ Eftir að læknað höfðu ráðfært sig við sérfræðinga frá Svíþjóð var ákveðið að gera allt í einu þann 4. febrúar 2019. „Þetta var stór aðgerð sem tók sex tíma, þvagblaðran var stækkuð og æxlið fjarlæggt. Þeir náðu því öllu, sem betur fer. Bataferlið hans tók alveg mánuð eftir aðgerðina og hann er bara ansi brattur eftir þetta allt saman.“

Það var síðan í apríl að Elísabet fékk niðurstöður um að það væri búið að greina hana með leghálskrabbamein á 1. stigi. „Ég var bara í athugun hjá kvensjúkdómalækni vegna lykkjunnar, láta kanna hvort hún væri ekki örugglega á sínum stað því ég ætlaði ekki að eiga fleiri börn. Læknirinn staðfesti að hún væri í lagi og bauð mér sýnatöku í leiðinni, það var ekki einu sinni kominn tími á mig í krabbameins-skoðun. En þá fór boltinn að rúlla. Ég greindist með fjórða

stigs frumubreytingar og fór í keiluskurð. Eftir skurðinn sást að meinið var byrjað að dreifa sér í leghálsinum og þá var það orðið krabbamein á fyrsta stigi. Þá fór ég í legnám og nokkrir eitlar voru teknir líka til að sjá hvort meinið væri búið að dreifa sér enn frekar.“

Aðgerðin gekk ágætlega en Elísabet fékk sýkingu í kjölfarið og var flutt með sjúkraflugi suður. Næstu tvær vikur voru henni áskorun, að vera veik og bíða eftir niðurstöðum um það hvort meinið væri búið að dreifa sér meira og hvort hún myndi þurfa á áframhaldandi meðferð að halda. „Þótt ég sé mjög bjartsýn að eðlisfari var ég samt búin að ímynda mér og búa mig undir það versta.“ Þær áhyggjur reyndust óþarfar þar sem Elísabet þurfti ekki að fara í frekari meðferð því krabbameinið reyndist staðbundið. En þrátt fyrir allt sem Elísabet var að ganga í gegnum á þessum tíma þá virtist hún takast á við erfiðleikana með ótrúlegu æðruleysi, hvernig fór hún að því? „Ég er hálfgerð Pollýanna að eðlisfari. Ég er heppin með að eiga góðan mann sem var duglegur að minna mig á mína kosti og það hjálpaði mér að tapa ekki gleðinni. Ég vissi líka að líkamlegt ástand mitt myndi hjálpa mér og ekki síður hvað ég er andlega í góðu formi, það er ekki minna mikilvægt. Ég tók mér fjóra mánuði að jafna mig en þegar ég var komin af stað var ég fljót að byggja mig upp. Í dag líður mér bara ótrúlega vel!“

Erfitt ár fyrir fjölskylduna

Þótt það hafi verið þau Elísabet og Arnar Goði sem glímdu við veikindi á árinu þá segir Elísabet að þetta ástand hafi reynt á fjölskylduna alla, ekki síst yngsta meðliminn hana Maríu Dögg sem er 7 ára. „Þetta var erfitt fyrir hana og það var áskorun að passa upp á að hún yrði ekki út undan í öllu því sem gekk á og að hennar þörfum væri líka sinnt. En það vill svo heppilega til að hún er mjög lík móður sinni, hún vill

hafa hlutina á hreinu hjá sér og ég tel að þessi ákveðni hafi hjálpað henni í þeim áskorunum sem við tókumst á við á árinu.“ En skyldi hafa verið erfitt fyrir Elísabetu að eignast yngsta barnið eftir reynsluna af meðgöngunni með Arnar Goða nokkrum árum fyrr? „Já ég var þínu hrædd, en svo þegar ég var orðin ólétt þá hugsaði ég ekkert út í þetta. En við hugleiddum það vel áður en við ákváðum að eignast eitt barn í viðbót. Það var vissulega áskorun að eignast lítið barn með annað langveikt barn á heimilinu. Hún er ofboðslega dugleg og gerir allt upp á 10 og ég held að það sé svolítið vegna þess að bróðir hennar gerir það ekki, hún er að minna á að hún geti gert hlutina og vill sanna sig.“ Elísabet segir það dýrmætt að hafa stuðning eldri systranna varðandi það að hugsa um yngri börnin, ekki síst Arnar Goða: „Þær systur eru ótrúlega duglegar með hann, þrátt fyrir að hann geti verið mjög leiðinlegur við þær!“

Jákvæð sálfræði heillar

Elísabet hefur haldið áfram að læra. Hún varði einu ári í Háskólanum í Reykjavík 2008-2009. „Ég fékk „diplómu í mannauðsstjórnun“ en á alltaf eftir að klára B.A. gráðuna mína. Svo tók ég eitt ár, „diplómu á meistarastigi“ í jákvæðri sálfræði árið 2018 við HÍ.“ Elísabet fékk undanþágu til þess að hefja nám í jákvæðri sálfræði á meistarastigi þótt hún væri ekki búin með BA-námið. „Ég tók öfugan vinkil!“ Fannst Elísabetu þetta nám hjálpa sér að takast á við áskoranir ársins 2019? „Tvímælalaust“ svara hún. „Sálfræði hjálpar manni að ná jafnvægi í lífinu. Þú þarft að kafa svo inn á við í náminu og vinna með styrkleikana þína og veikleikana. Maður lærir að halda vinnustofur með öðrum, læra um flæði og margt sem verið er að stúdera um sjálfan manninn, sem er auðvitað það sem við erum að fást við alla daga hér í vinnunni, tilfinningar og fleira. Það sem ég nýti hvað mest fyrir sjálfa mig úr þessu námi er núvitundin, mér finnst hún hjálpa mér að núllstillast og draga andann sem er mikilvægt fyrir svona öra manneskju eins og mig.“

Elísabet og Valur styrkja samband sitt gegnum sameiginleg áhugamál eins og líkamsrækt og útivist sem öll fjölskyldan getur verið saman í.



Bjartsýni og framtíðaráætlanir

Elísabet þakkar fyrir að hún og Valur eru eins og ein sál. „Ef hjón eru samstíga og með sömu stefnu skiptir það máli. Rannsóknir hafa sýnt með foreldra langveikra barna að skilnaðarhlutfallið er um 70-80%. Þetta er mikið álag,“ segir hún. „Um daginn lenti Arnar í slæmri flogatörn og í fyrsta skipti fann ég fyrir depurð í öllu þessi ferli sem við höfum verið í. Þá hugsaði ég: ætlar þetta aldrei að hætta?“ Fjölskyldan er búin að fresta tveimur utanlandsferðum í ár vegna veikinda. „Við ætluðum að fara til Calpe á Spáni í júní á meðan ég var að ná mér upp úr veikindunum en ég fékk þá þessa sýkingu og var flutt suður og lá þar. Svo ætluðum við til Boston í september en þá fékk Arnar svo slæmt flogakast að það var ekki tímabært að fara frá honum.“

Framtíðin lofar þó góðu. „Við erum öll að fara saman fjölskyldan til Denver núna í janúar. Við ætlum að kenna Arnari á mónoskiði þar sem hann situr en stjórnar öllu sjálfur. Skiðamennska er auðvitað fjölskyldusportið okkar. Bryndís, elsta dóttir okkar ætlar að koma með okkur út en hún er að flytja heim eftir að hafa lokið stúdentsprófi núna um jólin. Bergdís, sú næst elsta verður þó fjarri góðu gamni en hún er á sama tíma að fara að keppa á HM unglinga á snjóbretti í Austurríki.“

Þá stefna Elísabet og Valur að því að fara tvö út í apríl og hlaupa maraþon en hlaupin hafa alltaf bundið þau hjónin saman. Finnst þeim gott að eiga svona sameiginlegt áhugamál? „Það er svo gott að geta spjallað við einhvern um áhugamálin sín og líka að hafa sameiginleg markmið. Við förum saman í Jökulsárhlaupið, Dyrfjallahlaupið og Barðsneshlaupið. Við ætlum að hlaupa Laugaveginn saman á næsta ári ef allt gengur upp.“

Þjört framtíð virðist blasa við Elísabetu, sem fagnaði ferðugsafmæli sínu í janúar, og fjölskyldu hennar. Við óskum þeim alls hins besta yfir hátíðirnar og á komandi árum.

Fólkið hjá Fjarðaáli

ÁHUGAMÁLIÐ

Starfsfólk og verktakar Fjarðaáls hafa, eins og gengur og gerist, margvísleg og fjölbreytt áhugamál. Við spjölluðum við nokkra einstaklinga og fengum þá til að deila með okkur sínum helstu áhugamálum.

Friðþjófur Tómasson

Friðþjófur Tómasson er leiðtogi B-vaktar í kerskála Fjarðaáls. Hann hóf störf í álverinu sem verktaki á vöktum í kerskálunum árið 2008 en færði sig seinna yfir til Alcoa. Árið 2016 fluttist hann yfir í skautsmiðjuna en svo aftur til baka í kerskálann árið 2018 þegar hann tók við leiðtogastöðunni sem hann sinnir í dag. Friðþjófur er búsettur á Eskifirði ásamt sambýliskonu sinni og tveimur börnum.

Hvernig stóð á því að þú fórst að hafa áhuga á gömlum bílum?

Ég get ekki sagt að áhugi minn á fornbílum sé búinn að vara lengi. Eins og aðrir hef ég alltaf haft gaman af því að sjá þá og skoða en hugsaði aldrei neitt sérstaklega um að kaupa mér einn. En svo kom það á daginn að afi og amma unnustu minnar voru að selja húsið sitt í Vogunum og höfðu þá ekki lengur stað til að geyma gamla bílinn sem þau áttu. Þá byrjuðum við að velta fyrir okkur að kaupa þessa glæsikerru. Gamli maðurinn var búinn að eiga bílinn í mörg ár og gerði hann upp sjálfur. Við hummuðum þetta fram af okkur í nokkurn tíma en svo kom að því að

við kíktum suður í heimsókn og þá var öllu tjaldað til. Við fundum það strax að þetta var engin venjuleg heimsókn, þetta var sölu-fundur! Í miðju spjalli heyrði ég útundan mér: „Farðu með hann á rúntinn“. Viku seinna var ég að keyra bílinn austur.

Hvað er svona skemmtilegt við þetta?

Við fjölskyldan höfum öll gríðarlega gaman af þessu og þá sérstaklega börnin, ætli það sé ekki það skemmtilegasta við þetta hvað börnunum finnst þetta skemmtilegt. Gleðin þegar það er samþykkt að skutla í leikskólann á bleika bílnum er náttúrulega mögnuð.

Eru einhverjir nákomnir þér sem taka þátt í áhugamálinu með þér?

Já, eins og ég segi þá hafa krakkarnir rosalega gaman að því að láta aka sér um í þessum bíl. Bílinn er sameign fjölskyldunnar þótt ég sjái mest um að keyra hann. Við munum leggja áherslu á að halda bílnum áfram innan fjölskyldunnar en það er spurning hver tekur við honum þegar ég hætti að geta hugsað um hann. Það gæti verið að það verði eitthvað barist um hann, það er að segja ef það verður ekki bara búið að banna svona bíla á götunum!



Ljósmynd Rudy Gelenter

Margrét Linda Erlingsdóttir

Margrét Linda Erlingsdóttir er leiðtogi A-vaktar í kerskála. Hún hóf störf hjá Fjarðaáli í júní árið 2007 sem framleiðslustarfsmaður. Margrét býr í Neskaupstað ásamt sambýlismanni sínum Elvari og tveimur sonum þeirra, þeim Aron Inga og Emil Inga. Margrét er mikil djúrakona og á bæði hesta og hunda en nýverið eignaðist hún enn eitt áhugamálið þegar hún steig á svið með Leikfélagi Norðfjarðar í leikverkinu Óparfa offarsi.

Hvernig stóð á því að þú fékkst áhuga á leiklist?

Ég hef alltaf undir niðri haft áhuga á leiklist. En ég hef haft sérstakan áhuga á íslenskum leik og hef þá helst verið að horfa á íslenska þætti og kvikmyndir þar sem það voru ekki miklir möguleikar fyrir mig að fara í leikhús

sem barn. En það er mér mjög minnstætt þegar ég fór á leiksýninguna Grease með Selmu og Rúnari í aðalhlutverki. Ég virkaði kannski ekki athyglissjúk sem barn en var það samt undir niðri. Foreldrar mínir eru ekkert leiklistarfólk en systir mömmu kenndi jazzballet og um tíma fékk ég að æfa hjá henni og taka þátt í sýningum. Ég á líka minningar af mér í heimahúsi systur mömmu með börnum hennar að gramsa í búningum og setja upp sýningar fyrir foreldra okkar. Þar vantaði ekki upp á ímyndunaraflið.

Hvers vegna ertu að byrja að reyna fyrir þér í leiklist fyrst núna?

Helsta ástæðan fyrir því að ég lét aldrei vaða var bæði að ég var ekki viss hvort ég gæti lært texta utan að og hins vegar fann ég aldrei fyrir neinni hvatningu eða stuðningi. Líklega upplifði ég mig þannig að fólk sæi mig ekki fyrir sér upp á sviði að leika. Það var svo þegar ég flutti austur að ég kynntist

frábæru vinkonum mínum þeim Þórfriði og Helgu Ósk sem eiga stóran þátt í að hafa vakið upp leikfélagið á Norðfirði og hvöttu mig til að vera með. Ég var alltaf á leiðinni en ég á svo mikið af áhugamálum og alltaf mikið að gera að ég gaf mér aldrei tíma fyrr en í haust sá ég glugga til að láta verða af því að stökkva í djúpu laugina. Ég fór á samlestur fyrir leikritið Óparfa offarsi og var svo heppin að fá hlutverk Karenar Brown, löggilds endurskoðanda. Karen má lýsa sem kynsveltum endurskoðanda sem fer að vinna fyrir borgarstjórnann og finnur gloppur í bókhaldinu upp á 16 milljarða. Leikritið er svo dæmigerður farsí þar sem er vaðið úr einu í annað og mikið farið inn og út úr herbergjum.

Hvað er svona skemmtilegt við þetta?

Skemmtilegast við þetta er frábæra fólkið í kringum svona ferli. Gleði, skemmtun og að vera algjörlega í núinu. Þegar maður mætir á æfingar þýðir ekkert að hugsa um neitt

annað en að vera á staðnum og skemmta sér. Svo skemmir ekki fyrir þegar maður stígur á svið og fær salinn til að grenja úr hlátri. Þá finnur maður hvað öll vinnan og tíminn sem fer í æfingar er að skila sér. Já, það má sanni segja að ferilinn minn sé bara rétt að byrja því þarna á sviðinu var ég algjörlega að njóta mín í botn.

Eru einhverjir nákomnir þér sem taka þátt í áhugamálinu með þér?

Í öllu ferlinu fengu synir mínir smjörþefinn af leikhúslífinu þar sem allur tími aflögu er nýttur í æfingar. Þeir voru svo heppnir að fá að koma annað slagið með á æfingar og horfa á sýninguna oftár en einu sinni. Það virtist ekki skipta máli hvort það væri fyrsta eða annað skiptið sem þeir horfðu þeir voru alltaf jafn stjarfir yfir sýningunni. Þetta áhugamál má með sanni segja að hafi gefið lífinu lit og eins og þau segja í leikfélaginu við mig “þú sleppur aldrei hér eftir.”



Hrafnhildur Eiríksdóttir

Hrafnhildur Eiríksdóttir er framleiðslu-
starfsmaður í skautsmiðju Fjarðaáls og
hefur starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2013.
Hún er búsett á Fáskrúðsfirði en uppalin í
Eyjafjarðarsveit. Hrafnhildur er menntaður
heilsunuddari en ákvað að söðla um og
sækja um starf í álverinu og flytja austur.
Hrafnhildur hefur áhuga á konfektgerð og
er dugleg að framleiða konfekt fyrir vini og
vandamenn fyrir jólin.

Hvernig stóð á því að þú fórst að hafa áhuga á konfektgerð?

Ég er alin upp við að við gerðum alltaf
„pabba-jólanammi“ þegar ég var lítil og svo
hafa bæst við tegundir af jólakonfekt í gegn-
um árin. Mér finnst gaman að prófa nýjar
uppskriftir, sumar festa sig í sessi en aðrar
eru ekki endurvaktar næstu jól.

Hvað er svona skemmtilegt við þetta?

Það er svo jólalegt að malla eitthvað saman
og búa til konfekt sem ekki fæst í búðunum.

Svo er líka bara svo gaman að geta boðið
upp á það í jólaboðunum. Húðunarturinn
er kannski ekki alveg sá skemmtilegasti
en það er annað mál. Ég þarf að vera rétt
stemmd í konfektgerðinni, set góða jólatóna
á fóninn og finn rétta taktinn. Þá sakar ekki
ef eitthvað klikkar að stinga nammi molan-
um bara strax upp í sig!

Eru einhverjir nákomnir þér sem taka þátt í áhugamálinu með þér?

Við systkinin tókum drjúgan þátt í konfekt-
gerð heimilisins í „denn“. Fjölskyldustund
var að gera kornflexnammið hans pabba og
svo var mismunandi hvað hver gerði í hinum
konfekt tegundunum. Þetta er auðvitað
agalegt dútl, ein tegundin sem ég hef gert
til fjölda ára er að pensla hvítu súkkulaði í
lítil form og búa svo til súkkulaði ganache og
sprauta ofan í.

Viltu deila uppáhalds uppskriftinni þinni með okkur?

Þar sem þetta byrjaði allt á kornflex
namminu hans pabba er tilvalið að deila
því með ykkur. Amma heyrði uppskriftina

í barnatímanum í útvarpinu og lét pabba
flýta sér að skrifa hana niður. Svo var hann
sendur í bæinn á hjóli að redda kókosmjör-
inu í nammið svo hægt væri að prófa það.
Uppskriftin hefur eins og svo margar aðrar
gengið í gegnum smá breytingar t.d. varð-
andi Baileysið.



Einar Heiðarsson

Einar Heiðarsson er öllum starfsmön-
um álversins vel kunnur enda hefur hann
starfað við öryggisgæslu hjá Securitas á
álverssvæðinu frá árinu 2005. Starf hans
felst aðallega í almennu eftirliti, leyfis-
veitingum og úttektum. Einar er búsettur á
Eskifirði og leigir þar með tveimur félögum
sínunum. Hann á sér nokkur áhugamál og þar
bera hæst annars vegar ástundun bardaga-
lista og sjálfsvarnaríþróttar en hann er einn
af kennurum í félaginu Iceland Combat
Arts. Hins vegar er það gífurlegur áhugi á
hinum dönsku legókubbum. Við ákváðum að
spyrja hann nánar út í kubbaáráttuna.

Hvernig stendur á þessum áhuga á legókubbum?

Ég hef haft mikinn áhuga á Lego alveg síðan
ég var mjög ungur. Áhuginn klárlega dofnaði

í kringum unglingsárin en kviknaði svo aftur
þegar ég varð eldri og uppgötvaði hversu
stórt samfélag er til í heiminum sem er að
kubba alveg ótrúlegustu hluti. Við erum
að tala um mól sem fólk er þá að hanna
í tölvuforritum fyrst og við taka svo vikur
eða jafnvel mánuðir í að kubba, oft úr mörg
hundruð þúsund kubbum. Ég hef mjög gaman
að því að skoða á netinu hvað aðrir eru að
kubba og hafa kubbað. Ég hef alltaf passað
mjög vel uppá mína kubba í gegnum tíðina
og á orðið ansi gott safn. Ég vildi að ég hefði
meira pláss og tíma til að kubba meira en ég
geri í dag.

Hvað er svona skemmtilegt við þetta?

Það sem er skemmtilegast við að kubba er
sennilega að hanna eitthvað nýtt og nota
hugmyndaflugið. Það er líka mjög róandi að
kubba, ákveðin hugleiðsla þegar maður er í
stærri verkefnum. Svo er líka mjög gaman að
safna settum en í seinni tíð hafa það aðallega

verið arkitektasettin og svo gömul geimsett
sem ég hef verið að safna.

Eru einhverjir nákomnir þér sem taka þátt í áhugamálinu með þér?

Það er enginn sem er að taka þátt í þessu
með mér, nema kannski börn vina minna
og vinkvenna. Þau hafa mjög gaman að því
þegar ég kem með góðan bala af kubbum og
sturta á gólfð fyrir þau ... og mig.

Þannig að kubbar eru ekki bara fyrir börn?

Þetta er klárlega ekki fyrir bara börn. Mód-
elin sem ég hef séð á netinu eru sum þvillik
listaverk að maður trúir varla því sem maður
sér. Ég mæli eindregið með þessu sem
áhugamáli fyrir alla.




Spurning augnabliksins

HVER ER EFTIRMINNI- LEGASTA JÓLAGJÖFIN SEM ÞÚ HEFUR FENGIÐ?



Valgerður Vilhelmsdóttir, sérfræðingur í mannauðsteymi
Harmonikka úr pappa sem ég fékk þegar ég var fimm ára gömul. Ég spilaði á hana í mörg ár þangað til ég fékk alvöru harmonikku.



Ingvar Ísfeld Kristinsson, rekstrarstjóri viðhalds í steypuskála
Ég fékk einu sinni bílabraut, eins og alla drengi dreymir um, en hún var biluð og það þurfti að skila henni. Í staðinn fékk ég úr og ég er eiginlega búin að gráta þessa bílabraut allar götur síðan. Enn horfi ég dreyminn á allar bílabrautir í dótubúðum.



Skúli Skúlason, upplýsinga-tæknisérfræðingur
Þegar ég fékk þythokkýborð sem alla vini mína langaði svakalega í. En af því að afi minn átti búðina þá tók hann það frá og gaf mér það svo í jólagjöf, ég hef verið svona um tíu eða tólf ára.



Hildur Einarsdóttir, verkfræðingur í steypuskála
Annars vegar róbótryksuga og hins vegar sippuband.



Poula Rós Mittelstein, rafvirkjanemi á kranaverkstæðinu
Fyrsti síminn minn sem ég fékk þegar ég var ellefu ára.



Stefán Kristinsson, vélvirki á kranaverkstæði
Það er mér mjög minnstætt þegar ég var pínulítill og fékk vörubíl sem gat sturtað sjálfur. Það var alveg rosalega flottur bíll, eiginlega eins og búkolla.

Ingibjörg Gróa Magnúsdóttir

BÓKAORMUR FJARÐAÁLS

Bókaormurinn Ingibjörg Gróa, ABS sérfræðingur hjá Fjarðaáli, fjallar um bækurnar í lífi sínu

Í Fjarðaálsfréttum sem komu úr fyrir ári síðan tókum við upp á því að taka viðtal við bókaorm hjá Fjarðaáli og ætlum að endurtaka leikinn enda passar afar vel að fjalla um bækur í aðdraganda jóla. Bókaormurinn að þessu sinni er Ingibjörg Gróa Magnúsdóttir, ABS (Alcoa Business System) sérfræðingur hjá Fjarðaáli en hennar helsta hlutverk er að miðla ABS hugmyndafræðinni til starfsmanna, taka þátt í að framfylgja stefnu fyrirtækisins, halda umbótaviðburði og stýra ýmsum verkefnum sem tengjast umbótastarfi og þróun. Ingibjörg hefur starfað hjá Fjarðaáli í 11 ár. Hún er gift Sigurjóni Friðrikssyni sem einnig starfar hjá fyrirtækinu og hjá þeim býr 11 ára skottan Sigurlaug Mona.

Lestu mikið?

Já, ég hef alltaf lesið mjög mikið. Ein af mínum fyrstu minningum er frá bókasafninu í Hafnarfirði. Þetta hefur verið svona sameiginlegt áhugamál mitt og mömmu alla tíð og í gegnum árin hafa systur mínar fengið lestrarbakteríuna sömuleiðis. Á ákveðnum tímapunkti hugði ég á starfsframa sem tengdist bókmenntum þar sem ég tók B.A. gráðu í bókmenntum. En það fór svo þannig að ég ákvað að sækja um starf í álveri á Reyðarfirði á meðan ég beið eftir tækifæri til þess að fara í meistaranám á sviði bókmennta. Hér er ég enn en engin frekari menntun í bókmenntafræði.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að vinna í fjórum bókum þessa stundina! The Complete Guide to Fasting eftir Jason Fung sem er vikilega áhugaverð, mikill lærdómur þar á ferð. Önnur er Why we Sleep eftir Matthew Walker sem er full af lærdómi um hvað svefninn gerir fyrir okkur. Í léttari lestri er ég að lesa Hús tveggja fjölskyldna eftir Lyndu Cohen Loigman, en mamma mælti með henni. Og svo í vinnunni er ég að glugga í The Alcoa Business System: Pathway to Performance, sem fjallar um ABS fræðin.

Hver er síðasta bók sem þú last?

Ég var að klára Rof eftir Ragnar Jónasson, sem er svona klassísk íslensk spennubók sem fjallar um gamalt morð í Héðinsfirði og mannsrán í Reykjavík. Alveg fínasti lestur.



Hver er uppáhalds bókin þín?

Hús andanna eftir Isabel Allende, ég hef verið algjörlega heilluð af þessari bók síðan ég las hana í fyrsta skipti fyrir allt of mörgum árum. Hún er í það miklu uppáhaldi að ég endaði á að gera B.A. ritgerðina mína um þessa stórkostlegu bók. Ég er mjög hrifinn af því hvernig Allende blandar saman raunveruleika og fantasíu eins og ekkert sé eðlilegra.

Hver var uppáhalds bókin þín þegar þú varst barn?

Úff, það var bara í uppáhaldi að lesa! Ég las allt sem ég komst yfir!

Hvaða bók er efst á óskalistanum þessi jólin?

Einhvern góður íslenskur sakamálakrimmi sem ég get hámlesið á rúmunum sólarhring! Mér er eiginlega alveg sama hvaða sakamálakrimmi það er, þar sem að ég mun fara í gegnum þá alla á komandi ári.



Tor Arne Berg

„JÓLIN SNÚAST UM FRIÐ OG RÓ OG AÐ NJÓTA SAMVERU MEÐ ÖÐRUM“

Nýr forstjóri Fjarðaáls

Haustið 2019 tók Tor Arne Berg við stöðu forstjóra Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði. Fjarðaálsfréttir vildu fræðast um bakgrunn og áhugamál þessa nýja forstjóra sem fluttist hingað frá suðurhluta Noregs. Þar gegndi hann góðri stöðu forstjóra annars álvers í eigu Alcoa, Lista, en þegar móðurfélagið óskaði þess að hann pakkaði niður og flyttist til Íslands til að leiða fólkið og ferlana þar, sló hann til.

Nýi forstjórinn kemur frá Lista í Noregi þar sem hann er fæddur og uppalinn. „Þetta er eiginlega svæði innan héraðsins Farsund. Þaðan dregur Alcoa Lista nafnið sitt.“ Í sveitarfélaginu Farsund eru um það bil tíu þúsund íbúar sem er álíka og á Austurlandi. Búa þá allir starfsmenn Lista álversins í Farsund? „Flestir þeirra búa þar á meðan aðrir koma frá stöðum sem eru lengra í burtu, sérstaklega frá bænum Lyngdal sem er í um tuttugu kílómetra fjarlægð,“ segir Tor Arne.

Æskuárin á sveitabæ

Við byrjum á æsku Tors Arne og uppruna: í hvers konar umhverfi eyddi hann bernskuárunum? „Ég er uppalinn á sveitabæ, sem var svona meðalstór miðað við aðra bæi í héraðinu. Ég fæddist árið 1967 og foreldrar mínir festu kaup á sveitabænum 1969. Á þeim tíma var varla hægt að lífa á búrekstri einum enda sér maður í dag að allir þessir litlu sveitabæir eru algerlega horfnir. Nú eru bara risastór og tæknivædd býli. Mamma vann fulla vinnu utan heimilis og ól okkur krakkana upp vegna þess að pabbi var svo sjaldan heima. Hann sá um rekstur búsins en rak líka eigið verktakafyrirtæki sem var ekki stórt í sniðum, og var að vinna á gröfum og vörubíl. Hann var að mestu leyti í vegavinnu og þess háttar. Ég á ennþá erfitt með að skilja hvernig mömmu tókst þetta, að vinna fulla vinnu og hugsa um börnin.

Hvaða vinnu stundaði hún? „Þetta var í gamla daga þegar ennþá voru símstöðvar og hún var „símastúlka“. Ég er með óljósa minningu um heimsókn til hennar þar sem hún sat með símavírana og tengla. Pabbi var sjómaður áður en þau kynntust. Hann byrjaði á sjónum fjórtán ára og sigldi í mörg ár frá Suður-Afríku á risastórum norskum vöruflutningaskípum. En mörgum árum seinna, eftir að hann kynntist mömmu, kom hann í land.“

Þið eruð fjögur systkinin - hvar ert þú í röðinni? „Ég er sá þriðji í röðinni, það eru tvær eldri systur og svo á ég yngri bróður.“ Voruð þið systkinin nán? „Já, mjög svo. En seinna fóru systur mínar í burtu vegna náms og þær sneru ekki aftur til baka. Önnur þeirra býr í Stavangri og hin í Horten. Við hittumst, svona eins og fólk gerir, þegar þær koma heim í fríum eða skreppa í helgarferð á æskulóðirnar. Þær eru báðar komnar með fjölskyldu. Bróðir minn býr ennþá í sama sveitarfélaginu og vinnur í byggingarvöruverslun. Þannig að hann hefur búið þar alla tíð.“

Í sumarvinnu hjá Lista

Framhalds- og háskólanemar á Íslandi treysta á sumarvinnu til þess að framfleyta sér yfir veturinn og það sama gildir um Tor Arne, sem vann í mörg sumur í Lista álverinu. „Ég byrjaði þar í sumarvinnu þegar ég var átján ára og vann mér inn peninga til að geta haldið áfram í skóla. Ég vann í skólafríi: á sumrin, um jól, páska og svo framvegis.“

Á hvaða framleiðslusvæði? „Aðallega í kerskálunum. Ég var heppinn að fá vinnu þar. Á níunda og tíunda áratugnum voru um 700 manns í vinnu hjá verksmiðjunni og það þurfti að ráða mikinn fjölda sumarstarfsmanna til að fylla í skarðið yfir fríum. Í dag eru bara 270 starfsmenn í allt í Lista og það er mjög erfitt að fá vinnu þar.“

Það hefur sem sagt margt breyst? „Já, en samt framleiðir Lista meira af áli með 270 starfsmenn.“ Er það vegna tækni-framfara? „Nei, í grunninn er enn sama tæknin notuð en það er meira um sjálfvirkni, sérstaklega í steypuskálanum. Það er líka endurvinnsla á áli í Lista, og um 40.000 tonn af köldu áli eru brædd þar á ári.“ Hver er framleiðslugeta álversins? „Þetta er lítið álver. Um miðjan níunda áratuginn var verið að framleiða um 80.000-85.000 tonn á ári en núna eru fram-leidd rúmlega 90.000 tonn. Við höfum verið að endurbæta hitt og þetta og líka að auka straumnýtnina.“

Námsár í Bergen og leiðin til Alcoa

Hvaða menntun hefur þú hlotið? „Fyrstu tvö háskólaárin var ég í Grimstad, skammt frá Kristiansand, og svo fjögur ár í verslunarháskólanum í Bergen, það er Norwegian school of Economics and Business Administration. Þannig að ég var í hagfræðinámi í sex ár - og er með meistaragráðu í fjármál-um með sérfræðiþekkingu á afleiðum. Sem sagt: ég stefndi beint í kauphöllina.“

En hvernig stóð á því að þú fórst á hrávörumarkaðinn? „Það var hrein tilviljun og helst vegna þess að Bente, konan mín, var á undan mér að ljúka námi. Við voru bæði í verslunarhá-skóla, hún í Bodø sem er norðarlega í Noregi og ég í Bergen, á vesturströndinni. Hennar nám tók fjögur ár og mitt sex ár. Strax eftir útskriftina fékk hún starf í Farsund hjá fyrir-tækinu Bredero. Það er fyrirtæki sem lagði gasleiðslur frá Norðursjó til meginlands Evrópu og setti upp risastóra múr-húðunarverksmiðju í Farsund. Þannig að hún fékk starf þar og ég var óviss um hvað mig langaði að gera. Svo, sumarið eftir mína útskrift kom ég heim. Við giftum okkur reyndar það ár. Og svo fyrir algera tilviljun hitti ég yfirmann hennar og við fórum að spjalla og eitt leiddi af öðru og svo var ég bara allt í einu kominn með starf! Þannig að við unnum bæði

fyrir sama fyrirtækið. Ég var þar í þrjú ár en Bente var þar mun lengur. Svo var ég að dútla í hinu og þessu, sem allt tengdist rekstri og fékk loks starf sem innkaupastjóri hjá Lista árið 2011. Seinna gegndi ég starfi framkvæmdastjóra fjárfestinga og svo yfirmanns steypuskála. Á tímabili var ég ábyrgur fyrir öllum steypuskálum Alcoa í Evrópu, svo varð ég forstjóri og núna er ég kominn hingað. Þetta er búið að vera ótrúlegt ferðalag.“

Grunaði þig nokkurn tíma að það myndi leiða þig svona víða? „Nei! Það er skemmtilegt að rifja upp að árið 2010 kom ég í heimsókn í Alcoa Lista. Ég man ekki af hverju. Það hafði ekkert að gera með vinnuna eða neitt slíkt. Ég leit í kringum mig og hugsaði að það væri frábært að koma til baka og vinna þar. Og bara örfáum mánuðum eftir það var staða innkaupastjóra í Alcoa Lista auglýst og ég fékk starfið. En ég var bara í því starfi í hálf t ár og fór svo í steypuskálann. Ég er mun hrifnari af framleiðslu og rekstri.“

Einkalíf og fjölskylda

Þú nefndir áðan konuna þína og námsárin ykkar. Hvar hitt-irðu hana fyrst? „Við hittumst fyrst í menntaskóla. Í raun erum við fjórmenningar! En ég vissi það ekki þá. Ég hafði ekki séð hana fyrr eða vitað af henni fyrr en við hittumst. Hún var sextán ára og ég sautján. Við byrjuðum saman á fyrsta ári í menntó. Nú eru komin 35 ár!“

Bente og Tor Arne eiga tvö börn: drenginn Christer Andre, sem er 22ja ára og stúlkuna Iselin sem er 19 ára. Christer Andre er að læra verkfræði í háskóla í grennd við Osló og þannig vill til að Iselin vinnur í Alcoa Lista. Heldurðu að börnin muni feta í þín fótspor? „Ekki sonur minn. Sjáðu til, sveitarfélagið sem álverið er í, er mjög lítið og það



Mynd sem tekin var fyrir nokkum árum af Tor Arne, Bente eiginkonu hans og dóttur þeirra Iselin.

er ekkert háskólanám í boði þar. Þau störf sem krefjast háskólanáms eru fá og mjög umsetin. Við Bente, sem er með sömu menntun og ég, vorum alveg sérstaklega heppin að fá starf í okkar heimabyggð, þar sem samkeppnin um þau er svo hörð.“

Er þá líklegra að dóttir þín feti í í fótsporin þín, þar sem hún er þegar komin í vinnu hjá Lista? „Já, en hún valdi aðra námsleið. Ég valdi verslunarskóla en hún kaus iðnskóla. Hún fær sveinspróf í vélvirkjun ef hún stenst lokaprófið. Það mun standa yfir í tvo eða þrjá daga í maí á næsta ári og eftir það fær hún sveinsbréfið. Hún vinnur núna á kranaverk-stæðinu í Lista.“ Gott, það veitir ekki af fleiri konum í þeirri grein, skýtur spyrillinn inn í. „Já, einmitt. Ég man að það voru 22 strákar í bekknum hennar og hún var eina stelpa.“ Heldurðu að það sé möguleiki að hún komi hingað til að vinna? „Já, það er aldrei að vita. Þetta umhverfi er henni vel kunnugt. Hún er líka með mikla ævintýraþrá, miklu meiri en ég bý yfir.“

Að setjast að á Austurlandi

Þú komst hingað einn, hvernig gengur það? „Sko, börnin mín eru uppkomin og konan mín er í góðu starfi svo ég flutti hingað einn. Bente og ég, við veltum því ekki einu sinni fyrir okkur sem möguleika að hún segði upp starfinu sínu til að koma hingað með mér. Hvað ætti hún að gera? Ég er í vinnunni frá mánudegi til föstudags, og stundum um helgar líka, og tíminn líður bara svo ótrúlega hratt.“

Finnst þér að þú hafir verið fljótur að aðlagast bæði vinnunni og samfélaginu? „Já. Ég vissi á hverju ég mætti eiga von, þar sem ég hef flust milli starfa hjá Alcoa og gegnt fjórum eða fimm stöðum á undanförunum átta árum. Lærdómsferlið er oft erfitt í upphafi en maður verður bara að láta sig hafa það. Það er ekki átakalaust fyrir einhvern utanaðkomandi að koma inn í svona margþætt fyrirtæki eins og Alcoa. Ég öfunda ekki þann sem kemur utanfrá til þess að setjast í forstjórstólinn hérna án þess að þekkja þá formgerð og kerfi sem stórfyrirtækið byggir á. Maður væri hlaupandi um eins og höfuðlaus hæna að spyrja fólk og skilja ekki nokkurn skapaðan hlut. Alla vega, þá þekki ég formgerðina og fólk er alls staðar fólk. En hvert af dótturfyrirtækjunum getur haft sína sérstöðu. Það er alltaf einhver menningarmismunur en maður venst honum smám saman. Þetta var alla vega ekki erfitt fyrir mig, hreinskilnislega sagt.“

Talandi um menningarmun, hefurðu fundið fyrir honum við að flytja frá Noregi til Íslands? Var eitthvað sem kom þér á óvart? „Nei, eiginlega ekki. Það er mjög margt sem norsk og íslensk menning eiga sameiginlegt. Ef ég ætti að bera saman menninguna í þessum tveimur löndum, gæti ég ekki bent á einhvern sérstakan hlut. Hins vegar, ef ég ber saman þessi tvö álver, Lista og Fjarðaál, þá liggur meginmismunurinn í meðalaldri starfsmanna - hann er svo miklu lægri hérna. Í Lista er hann í kringum fimmtugt. Starfsreynsla fólksins í Lista er að meðaltali um tuttugu

Bærinn Farsund í Noregi þaðan sem Tor Arne kemur.





Tor Arne er ánægður með móttökurnar hjá Fjarðaáli og hefur gengið vel að tengast samstarfsfólkinu.

til þrjátíu ár enda mun eldra álver. Þar eru margir sem hófu störf hjá fyrirtækinu þegar þeir voru átján ára og eru nú komin yfir sextugt. Það er sem sagt til fólk sem hefur unnið þar í fjörutíu ár. En er það öðruvísi menning? Ég veit það ekki. Hjá Lista telur meirihluti starfsmanna að þeir „eigi“ álverið. Ég veit ekki með íslenska starfsmenn. Eftir þessi tólf ár, finnst þeim álverið vera „sitt“? Starfsmannaveltan hér hjá Fjarðaáli hefur verið í kringum tíu prósent en það er allt annað í Lista. Ef einn starfsmaður hættir á ári, væri það aðalumræðuefnið í heilan mánuð. En í alvörunni, það gerist mjög sjaldan.“

Jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Hvað með að aðlagast samfélaginu: heldurðu að það sé auðvelt fyrir þig? „Ég byrja á því að taka fram að ég er mjög innhverf manneskja. Þegar vinnudeginum lýkur finnst mér rosalega gott að vera einn.“ Verðurðu aldrei einmana? „Nei, aldrei. Ekki nokkurn tímann. Ég nýt einverunnar í botn. Það hljómar undarlega, ég veit það. Þegar ég er kominn heim í íbúðina mína byrja ég að hlaða batteríin. Ég fer kannski í sund og ræktina eða rúnta svolítið um á bílnum mínum. Ég veit ekki hvernig Íslendingar myndu bregðast við ef ég væri rosalega úthverfur einstaklingur sem væri æstur í að kynnast sem flestum utan vinnu. Ég kann vel við ástandið eins og það er.“

Þú talar um sund og ræktina, hvar liggja áhugamálin þín? „Mér finnst mjög gott að hreyfa mig, og sérstaklega utandyra. Gönguferðir og hlaup heilla mig og þegar það er ekki allt á kafi í snjó fylgi ég góðum göngustíg sem er stutt frá íbúðinni minni. Á næsta ári ætla ég að leggja meiri áherslu á útiveru. Árið sem er að líða hefur verið átakaríkt og kallað á mikla vinnu og orku.“ Þannig að núna er vinnan í fyrsta sæti? „Já, þess vegna kom ég hingað. Mér var falið verkefni og ég vissi við hverju var búist af mér, frá utanað-komandi hagsmunaaðilum. Ég vona að allir séu sáttir við mig, bæði framkvæmdastjórn álversins, annað starfsfólk og fólkíð úti í samfélaginu sem ég hitti við störf fyrir hönd fyrirtækisins. Þetta hefur allt tekist mjög vel.“

Fjarðaál - stór vinnustaður

Kom þér á óvart að komast að því að Fjarðaál sé fjórða stærsta fyrirtækið á Íslandi? „Þú meinar þá tölfræðilega séð? Hvort sem fyrirtæki veltir 300 milljörðum á ári eða 800 milljörðum, gilda sömu reglurnar. Það kom sér vel fyrir mig að hafa oft komið hingað áður. Þannig að ég þekki strúktúrinn en það hjálpar mér vonandi til að gera hlutina rétt. Þetta var ekkert áfall að komast að þessu með stærðina. Versta tímabilið fyrir mig var reyndar eftir að ég hafði samþykkt að taka við stöðunni og þangað til ég kom hingað.“ Hvernig þá? „Það var undirbúningurinn, því ég byrjaði strax að undirbúa mig fyrir þetta starf og átti sam-

tal við ýmsa aðila út af því. Ég vildi vera á tánum. Ég varð að vita hvað biði mín. Og svo var þetta eiginlega tvöföld vinna vegna þess að ég var að reyna að stjórna Lista eins vel og ég gat og afhenda stjórnartaumana til annars aðila og svo um leið að skipuleggja starfið hérna, hvað ég þyrfti að gera. Þess vegna var álagið mikið.“

Fannst þér vel tekið á móti þér á vinnustaðnum hérna? „Já. Fólkíð heima hefur spurt hvernig tekið var á móti mér og ég segi eins og satt er að mér var tekið opnum örmum. Þau spyrja hvort það sé í einlægni eða hvort það sé bara, æ, hann er kominn hingað og við þurfum bara að gera það besta úr því. Ég get sagt beint frá hjartanu að það sé af einlægni. Mér var falið verk, ég tók boðinu og þá verður maður bara að kasta sér í það. Ef maður gerir það ekki, verður maður bara undir. Sumir voru kannski skeptískari en aðrir og það tekur bara tíma og tiltrú að fá þá á sitt band. Í heildina séð virðast níu af hverjum tíu starfsmönnum vera tiltölulega sáttir við stöðuna.“

Jól í Noregi

Þar sem jólin eru á næsta leiti viljum við fræðast um jólahefðir Tor Arne. Nú ferðu heim til Noregs yfir hátíðirnar til þess að eyða tíma með fjölskyldunni. Hvernig haldið þið upp á jólin á þínu heimili? „Mér sýnist það vera ósköp svipað því sem þið gerið á Íslandi. Við skráum hjá okkur hvar við verðum að mæta svo við vitum á hvaða dögum við erum

laus. Það eru auðvitað fjölskylduboð og þannig, en eftir því sem við höfum elst höfum við viljað draga úr félagslífinu og kunnað betur að meta þann tíma sem við höfum fyrir okkur. Þá á ég við hluti eins og að þurfa ekki að klæða sig upp, heldur vera bara í náttfötunum allan daginn! Ég nýt þess að líta í kringum mig, njóta þagnarinnar og gera eins lítið og ég mögulega kemst upp með.“

Svo þú notar tímann til að hlaða batteríin? „Já, algerlega. Þessi jól verða svolítið öðru vísi vegna þess að þegar ég kem heim, hef ég ekki komið þangað í tæpa þrjá mánuði. Heimsóknarúnturinn verður því stærri en vanalega, svo við getum heilsað upp á fólkíð okkar og ég hlakka mikið til að hitta það. Konan mín kemur til Íslands þann 19. desember. Við stoppum í þrjá daga í Reykjavík. Þá heimsæki ég allar túristagildurnar sem ég hef ekki haft tækifæri til á við-skipptaferðalögum. Ég hef alltaf farið beint upp á flugvöll. Svo förum við saman heim á sunnudeginum og ég verð úti í tvær vikur.“

Þið eruð með mjög svipað jólahald í Noregi eins og við á Íslandi. Hvað verður í jólamatinn hjá ykkur? „Já, aðalhátiðin er á aðfangadagskvöld eins og á Íslandi. Matarhefðirnar fara svolítið eftir landshlutum í Noregi. Í sunnanverðum Noregi er oft fiskur á borðum, yfirleitt þorskur, eða jafnvel kalkúnn. Á vesturströndinni borða flestir lambakjöt. Í austurhlutanum, nær Osló, er rifjasteik vinsæl – hún kallast ribbe á norsku. Heima hjá mér höfum við rifjasteik á aðfangadagskvöld og kalkún á gamlárskvöld, eða öfugt.“

Hvað með jólagjafirnar í þinni fjölskyldu. Er eitthvað sérstakt á óskalistanum hjá þér varðandi jólagjöf? „Ég fæ alltaf sokkar og geri reyndar engar kröfur. Konan mín sér um öll jólagjafainnkaupin svo ég slepp vel fyrir horn.“ En þarftu ekki að kaupa jólagjöf handa henni? „Það er eina gjöfin sem ég kaupi á hverju ári. Mér finnst alltaf hræðilega erfitt að velja gjöf og er alltaf á síðustu stundu en þetta reddast alltaf. Við töpum okkur ekki í gjafakaupum. Jólin snúast frekar um frið og ró og að njóta samveru með öðrum. Aðaláherslan var alltaf lögð á börnin en nú eru þau vaxin úr grasi. Yngsta barnið í fjölskyldunni minni er orðið fjórtán ára gamalt svo við erum ekki lengur í þeim æsingi sem einkenndi jólin í gamla daga þegar allir voru með lítil börn.“

Er einhver jólagjöf sem þú manst eftir sem er virkilega eftirminnileg? „Þá þarf ég að hugsa mjög langt aftur í tímann. Ég man þegar ég fékk fyrstu fótboltaskóna mína sem keyptir voru í búð. Þarna í lok sjöunda áratugarins og í byrjun þess áttunda, þegar ég var strákur, vorum við ekki vel efnum búin. Við vorum ekki fátæk en við áttum ekki mikið af peningum og foreldrar mínir þurftu að forgangsraða. En þessi jól eru eftirminnileg, þegar ég fékk fyrstu alvöru fótboltaskóna. Minningin situr eftir í huga mér því ég vissi að þeir voru dýri.“ Á þeim nostalgísku nótum kveðjum við Tor Arne og óskum honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla.



JÓLASKEMMTUN SÓMA

Árlega stendur starfsmannafélagið Sómi fyrir jólaskemmtun fyrir starfsfólk álversins og fjölskyldur þeirra. Á þessum skemmtunum er ávallt líf og fjör líkt og sjá má á meðfylgjandi myndum. Fjölskyldur hjálpast að við að skreyta falleg piparkökuhús, spilað er bingó og svo dansað kringum jólatréð. Þá líta skrítnir karlar ævinlega við í heimsókn og vekja þeir mikla kátínu hjá börnunum.





Ingólfur T. Helgason

„ÞAÐ VERÐUR LÍKLEGAST EKKERT ÚR ÞESSUM DRENG!“

Nýr framkvæmdastjóri álframleiðslu hjá Fjarðaáli er
yngsti framkvæmdastjóri Fjarðaáls frá upphafi

Ingólfur T. Helgason er nýtekinn við starfi framkvæmdastjóra álframleiðslu hjá Fjarðaáli og er yngsti framkvæmdastjóri Fjarðaáls frá upphafi. Með einungis 33 ár að baki sér og þar af tlu erfið grunnskólaár og falleinkunn á samræmdu prófunum, er hann eins og fönix sem rís upp úr djúpinu með verðlaunað lokaverkefni við HR og glæstan starfsferil hjá Alcoa, innanlands og utan. Blaðamaður Fjarðaálsfréttu settist niður með honum smástund til þess að forvitnast um líf hans og störf.

Starf framkvæmdastjóra álframleiðslu

Í hverju felst starfið þitt? „Ef ég á að lýsa starfinu mínu þá er það öðru vísi en ég hélt. Það snýst fyrst og fremst um að virkja fólk, setja væntingar og markmið og svo að fylgja því eftir. Það er ekki hægt að gera þetta einn. Þessi starfssemi er unnin af fólki. Maður verður að gefa sér gríðarlega mikinn tíma til að vinna með fólkinu og virkja það, sjá til þess að fólkíð geri það sem þarf að gera og fá það besta út úr öllum. Starfið er í raun ekki alveg nýtt fyrir mér þótt ég hafi tekið við þessu formlega fyrir mánuði síðan.“

Hvað kemur þér mest á óvart? „Hvað mikinn tíma maður þarf að gefa sér með starfsmönnunum. Ég næ mínum besta árangri þegar ég er í raun bara að tala við fólkið mitt og hlusta á vandamál og hjálpa við að leysa úr þeim. Ég þarf að passa upp á að þegar við göngum út af fundi eða samtali séu allir sáttir og með skýra sýn á það hvert skal stefna. Þá næst mesti árangurinn. Þetta er aðeins öðruvísi starf en ég bjóst við. Ég hélt að það snérist mest um tölur, sem eru náttúrulega stór og mikilvægur hluti en þetta snýst mest um fólk.“

Erfið reynsla af grunnskóla en blómstraði í framhaldsskóla

Ingólfur ólst upp í Breiðholti og segist vera stoltur Breiðhylltingur. Faðir hans er vörubíllstjóri og móðir hans vinnur í mötuneyti. Hver var leið þín í gegnum menntakerfið? „Hún var ekki góð, reyndar bara mjög slæm. Ég var afar slakur námsmaður og átti mjög erfitt með lærdóm, alla vega framan af. Ég átti erfitt með að læra, örugglega lesblindur, sem ég hef bara lært að vinna með – ég fann ekki fyrir neinum áhuga þótt ég hafi mætt í alla tíma. Svo féll ég á samræmdu prófunum. Eini skólinn sem gat tekið við mér var Borgarholtsskóli sem hleypti mér inn í vélvirkjun, þótt ég hefði svona lélega útkomu úr samræmdu prófunum. Þá gerðust hlutirnir. Ég breytti um umhverfi og þá fór þetta einhvern veginn að snúast. Ég hafði allt í einu áhuga á náminu sem ég var að fást við.“

Fannst þér þá gott að vinna með höndunum? „Já, ég hef alltaf verið ágætur þar. Þetta fór allt að ganga vel og ég útskrifaðist frá Borgarholtsskóla með frábærar einkunnir. Þaðan lá leiðin á frumgreinasvið hjá Háskólanum í Reykjavík. Allt í einu gat ég bara lært. Það var mögnuð tilfinning. Ég áttaði mig ekki á því hvað þetta var magnað fyrr en eftir á. Þegar ég heyri í dag sögur af fólki sem telur sig ekki geta lært, þá finnst mér líklegt að skortur sé á áhuga. Það er eitt-hvað sem veldur því að þú hafir ekki beinan áhuga á því að læra. Grunnskólagangan mín var skelfileg og skólayfirvöld dæmdu mig. Mamma fór til dæmis á fund með skólasálfræðingi þar sem ég var bara afskrifaður og henni sagt beint að líklegast yrði ekkert úr þessum dreng.“

Merkilegt! Það getur verið hvatning fyrir marga að heyra um einhvern sem er kominn á þennan stað sem þú ert kominn á í dag. „Já, eflaust. Mamma og pabbi eru ekki menntafólk. Ég fékk ekki stuðning, þannig séð, í menntamálunum. En ég fékk annars konar stuðning og ekki síður mikilvægan, til dæmis aga og vinnusemi.“ Hvernig leið þér á þessum tíma? „Ég tók þessu einhvern veginn sem gríni, eða lét það líta þannig út, en ég fann samt alveg að það var ekkert gaman að fá prófin alveg útfyllt af rauðum pennastrikum og kroti og vera alltaf neðstur í öllu í grunnskóla. Það var erfitt.“ Svo finnurðu þína fjöl? „Já. Ég var eini úr grunnskólanum mínum sem fór í Borgarholtsskóla og var því algerlega einn á nýjum stað. En þá eignaðist ég nýja félag og fór að blómstra í námi. Það var svolítið spes hópur sem var þarna, kannski ekki mestu töffararnir. Kennararnir voru rosalega góðir og mér fannst frábært að geta til dæmis eytt heilum degi á rennibekknum.“

Hvaða námi laukstu? „Ég lauk vélvirkjun frá Borgó og kláraði frumgreinasviðið í HR sem var mjög gott nám, brú frá iðnmenntun yfir í háskólanám, svona hraðferð í stað stúdentsprófsins. Ég tók svo stúdentsprófið með hjá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti áður en ég fór í véla- og orkutæknifræði í HR og útskrifaðist þaðan í janúar 2011.“

Leiðin frá HR til Fjarðaáls

Hvenær lágu leiðir þínar og Fjarðaáls saman? „Ég kom hingað í maí 2010, þá voru auglýst sumarstörf fyrir háskólanema. Ég og konan mín, Ingibjörg Karlsdóttir, komum hingað og fengum bæði starf, ég í tækniþeymi kerskálans og hún fór í skautsmiðjuna nýbúin að ljúka við BS-gráðu í rekstrarverkfræði.“

Hvar kynntust þið? „Við kynntumst í HR þar sem við byrjuðum bæði árið 2007. Hún er úr Grafarvogi. Ég átti eftir að klára lokaverkefnið þegar við komum í sumarstarf hingað en hún var búin. Tæknifræðin er hálfu ári lengri en rekstrarverkfræðin. Okkur leið strax vel hérna. Þetta var erfitt í fyrstu en spennandi. Árið 2010 vildi enginn fá nýútskrifaða tækni- eða verkfræðinga í vinnu, það var allt frosið á Íslandi. Nema Fjarðaál, það var eini staðurinn sem óskaði eftir fólki. Mér fannst frábært að vinna í kerskálunum og var boðið verkefni sem ég gat nýtt sem lokaverkefni mitt og svo bara áframhaldandi starf. Ég vann lokaverkefnið með vinnu í samstarfi við Fjarðaál, fékk fulla einkunn fyrir það verkefni og viðurkenningu frá Tæknifræðingafélaginu fyrir gott verkefni. Verkefnið hefur skilað Fjarðaáli töluvert miklu.“

Um hvað snýst verkefnið? „Í stuttu og einfölduðu máli snýst það um greiningu á vandamálum í svokölluðum brjótum í kerunum. Ég gerði mikið af tilraunum og reyndi að finna út af hverju brjótarnir væru að bila svona mikið og svo finna lausnir á því. Ég vann með góðu fólki hér innanhúss að verkefninu. Stærsti ávinningur var tengdur því að gera við bilaðan bjót í kerinu í stað þess að taka hann úr og fara með hann á verkstæði. Áður fyrr var öllu skipt út. Þetta sparaði



Ingólfur tók nýverið við sem framkvæmdastjóri álframleiðslu hjá Fjarðaáli. Hér ræðir hann málin á fundi með samstarfsfólki sínu.

gríðarlega peninga og tíma, og er ennþá gert í dag.“ Þegar þú útskrifaðist varstu kominn með starf í álverinu? „Já, ég gekk að starfinu eftir útskrift. Mér fannst starfið í kerskálunum strax hrikalega skemmtilegt. Ég viðurkenni samt að það voru viðbrigði að flytja frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Ég á að vísu ættingja á Fáskrúðsfirði, amma býr þar og pabbi er þaðan, þannig að ég á smá fjölskyldu hérna. Flestir ættingjarnir eru þó fyrir sunnan. Það sem kannski hjálpaði er að það var svo lélegt ástand í Reykjavík fyrir nýútskrifaða tæknifræðinga. Við vorum ellefu í bekknum mínum og þegar mest var voru sex úr bekknum að vinna fyrir Fjarðaál á einhvern hátt. Þannig að það myndaðist ákveðin stemming. Nú eru við eftir þrír hérna: ég hjá Fjarðaáli og tveir að vinna fyrir Launafl. Þessi stemming hjálpaði okkur að festast fyrstu árin. Við Ingibjörg vorum bara í leiguhúsnæði og ætluðum í fyrstu ekki að vera hérna í langan tíma.“

Sádi-Arabíu-ævintýrið 2012-2014

Hvernig kom það til að þú fórst til Sádi-Arabíu að vinna fyrir Alcoa? „Það var einhver ævintýraþrá – sumarið 2012 þá fór þetta Maa'den verkefni í Sádi-Arabíu í gang. Ég vissi af Helga Einarssyni sem var að fara út þarna um vorið og ég asnaðist til þess að segja honum að ef þá vantaði menn, þá væri ég alveg til! Ég var búinn að vera með Sádunum sem komu hingað til Fjarðaáls í þjálfun og

fannst spennandi að taka þátt í að byggja upp álver alveg frá grunni. Svo fékk ég símhringingu í sumarfríinu mínu 2012 frá Helga og hann spurði hvort ég væri til í að koma. Ég skoraðist ekki undan því og var mættur þarna út í nóvember, bara einn. Ég tók þátt í að ræsa þetta risastóra álver, fékk frábært tækifæri, 26 ára gamall. Mörg þúsund manns unnu á svæðinu, fæstir frá Evrópu. Þeir sem unnu í kringum mig voru t.a.m. frá 26 löndum, flestir frá Asíu og Afríku. Ég var með fjórtán manna teymi sem sá um að undirbúa kerin fyrir ræsingu og taka síðan við þeim eftir ræsingu. Við ræstum fjögur ker á dag, alla daga vikunnar. Allt var á vöktum, þetta var risa batterí, og ég var með eina vakt. Samtals hef ég tekið þátt í að ræsa um 1.000 ker en því miður þurftum við að ræsa kerlínu 1 tvisvar sinnum.“

„Þegar við vorum að klára að ræsa kerlínu 1 á ný, fékk ég annað tækifæri. Samningurinn minn var að renna út en ég fékk framlengingu og var boðið að taka við yfirmannsstarfi fyrir línu eitt. Í því fólst að ég var með eina vakt sem sá algerlega um reksturinn á henni. Þetta var risastórt. Ég rak þetta í um það bil hálf tveir ár og þjálfaði Sáda sem tók við.“

Þú ert þá búinn að byggja upp gífurlega þekkingu og reynslu af kerrekstri? „Já, ég sá um alls konar þjálfun og komst vel inn í þetta. Ingibjörg kom þarna út líka og var hjá mér sex síðustu mánuðina.“ Hvernig fannst þér að vera einn svona

lengi í Sádi-Arabíu? „Það var dálítið skrytið sko. Ég er mikil flökkukind þannig að ég fílaði þetta alveg. Mér fannst vinnan vera frábær og vann með frábærum mönnum sem enn eru vinir mínir í dag en landið er erfitt. Álverið er staðsett í miðri eyðimörk og næsti smábær í einnar klukkustundar akstursfjarlægð. En einhvern veginn var maður bara svo upptekinn af vinnunni að ég var ekki mikið að hugsa um umhverfið sem ég var í.“

En varstu eitthvað að skoða þig um eða heimsækja einhverja staði? „Já, ég er búinn að ferðast um öll Persaflóaráríkin. Það var áhugavert að skoða þessi opnari ríki. Maður ferðast ekki mikið um Sádi-Arabíu.“ Lentirðu í einhverjum uppákomum? „Já! Ég festist til dæmis á landamærunum milli Kúveit og Sádi um miðja nótt. Við félagarnir fórum í smáferð til Kúveit. Svo þegar við komum til baka þekktu þeir ekki íslenska vegabréfið og héldu að það væri einhver tilbúningur. Ég lenti í röð með ýmsum flóttamönnum og fólki sem hafði engin skilríki og ég var þar dálítið lengi þar til en ég var loksins tekinn eitthvað til hliðar og svo var þetta ekkert mál. En þetta var óþægileg tilfinning.“

„Svo var annað atvik á Ramadan-hátíðinni en þá hafði rekstrarplaninu verið breytt því Sádarnir máttu ekki drekka neitt eða njóta matar á daginn. Þetta var um mitt sumar, þannig að hitinn var svona um 50 gráður. Það var



Ingólfur og Ingibjörg ásamt börnum sínum þeim Þór og Evu Rún.

Í raun ekki hægt að bjóða starfsmönnum í kerskála að vera á heilli dagvakt, svo þeim var skipt. Þeir þurftu þá að mæta í vinnuna um miðja nótt og vera eitthvað fram á daginn. Þá þurfti ég að ferðast um miðja nótt í vinnuna frá borginni sem við Ingibjörg bjuggum þá í en hún var í um það bil tveggja tíma akstursfjarlægð frá álverinu. Á leiðinni til vinnu var ég tekinn af herlögreglunni um miðja nótt. Þeir náttúrulega skildu ekki orð í ensku og ég var einn þarna í miðri eyðimörkinni með vopnaða menn allt í kringum mig og á endanum þá var ég búinn að afhenda öll hugsanleg skilríki sem ég gat mögulega látið varðstjórann hafa en hann var mjög reiður yfir þessu skilningsleysi mínu. Ég lét hann á endanum hafa íslenska ökuskírteinið mitt og hann spurði hvort það væri frá Bandaríkjunum. Ég sagði „Evrópu“ og þá sagði hann „ókei“ og hleypti mér áfram.“

Hvernig upplifði konan þín að vera þarna? „Þetta var svolítið skrítið. Hún var mikið ein, ég kom bara heim í vaktarfríum. Hún fílaði þetta samt í botn til að byrja með, bjó í góðu hverfi, fínt frí og geggið veður. Hún kynntist öðrum konum og hverfinu og þær dunduðu sér við að versla og hafa það gott. En eftir sex mánuði, þá var hún alveg búin að fá nóg get ég sagt þér!“

Leiðin liggur alltaf aftur heim

En hvað kom til að þú fórst á endanum heim? „Haustið 2014 fékk ég allt í einu símtal frá Janne Sigurðsson, um miðja nótt hjá mér, og hún spurði mig hvort ég vildi koma aftur heim. Þá var ákkúrat komið að þeim tímapunkti! Það voru

búin að vera ákveðnar áskoranir í skautsmiðjunni á þessum tíma og ég var beðnin um að koma og sjá um tæknimál þar. Við þessa endurkomu til Reyðarfjarðar fórum við fyrir alvöru að festa rætur hér fyrir austan. Okkur fannst kominn tími á festu eftir tveggja ára flakk. Við keyptum okkur hús hér á Reyðarfirði og gerðum það upp. Ég rak tæknideildina í skautsmiðjunni í rétt rúm tvö ár með góðum árangri og ég er ánægður með starf mitt þar.“

Kerskálinn togaði þó alltaf í þig? „Já, og svo var árið 2017 leitað að rekstrarstjóra í álframleiðslu. Ég ákvað að sækja um það en í því ferli breytust hlutirnir aðeins og ég endaði á að taka við tæknistjórástöðunni í kerskalanum. Ég var í þeirri stöðu til vorsins 2019 og þetta hefur verið erfitt tímabil, erfiður rekstur. Við náðum frábæru ári árið 2017 en svo höfum við haft miklar áskoranir í rekstrinum síðustu mánuði. Það lítur sem betur fer betur út núna. Í sumar urðu svo miklar mannbreytingar hjá okkur og ég tók tímabundið við framkvæmdastjórarstarfinu í kerskalanum og skautsmiðjunni og tók svo endanlega við því starfi fyrir nokkrum vikum.“

Og hvernig líður þér í þessu nýja hlutverki? „Mér finnst það ótrúlega skemmtilegt. Ég var búinn að gleyma því en Ingibjörg minnti mig á það að ég sagði þegar ég byrjaði að þetta væri draumastaðan mín. Þetta er samt erfitt og krefjandi. Ég vil hjálpa fólki að standa sig vel. Mér finnst þetta rosalega gaman þó svo að um leið sé þetta mikil áskorun. Ég vona að okkur takist að halda rekstrinum góðum og við sjáum fram á stöðugleika í framleiðslu hjá Fjarðaáli næstu árin.“

Jólin framundan

Yfir í allt annað. Nú eru jólin að nálgast: ertu mikið jólabarn? „Ég er það, já, svona innst inni, en ég hef lítinn tíma í það núna.“ Hvernig er fjölskyldustaðan hjá ykkur? „Við eigum tvö börn, Þór, sem er tveggja og hálf árs og Evu Rún sem er tíu mánaða. Þannig að það er nóg að gera! Ingibjörg er í fæðingarorlofi og það hjálpar mikið núna á meðan ég er að komast inn í nýtt starf. Hún sýnir mér mikinn stuðning. Reyndar vinnur hún líka hjá Fjarðaáli, sem sérfræðingur í viðhalds- og áreiðanleikateyminu.“

Er eitthvað sérstakt sem þið fjölskyldan gerið alltaf um jólin? „Nei, við höfum ekki verið með neinar sérstakar hefðir. Það breytist kannski núna með börnunum. Við ætlum að vera með okkar jóla núna hérna fyrir austan. Við höldum í þessar týpísku íslensku matarhefðir en helsta hefðin okkar er kannski sú að vera í náttfötunum allan daginn á jóladag og hreyfa sig sem minnst og horfa á jólamyndir. Ég veit ekki hvernig það tekst með börnin ...“ Er einhver jólamynd í miklu uppáhaldi? „Já, Christmas Vacation!“

Á þessum hressu nótum þökkum við Ingólfi Tómasi fyrir spjallið og óskum honum velfarnaðar í því annasama starfi sem framundan er hjá honum og hans fólki í kerskalanum og skautsmiðjunni.



Spurning augnabliksins

HVAÐ VÆRI BESTA JÓLAGJÖFIN HANDA ÞÉR Í ÁR?




Örrvar Árnason, rafveitustjóri Fjarðaáls

Mig vantar ekki neitt, nema kannski gott viski.



Bogi Kárasen, verkfræðingur hjá Verkráð

Mig vantar legghlífar, svo skórnir mínir fyllist ekki af snjó þegar ég fer næst á rjúpnaveiðar.




Björgvin Jónsson, leiðtogi í B-vakt steypuskála

Eitthvað í innbúið, erum að taka í gegn heima og eitthvað úr Ikea myndi henta okkur vel.



Heimir Ólason, leiðtogi á viðhaldsvakt og á Miðgarði

Ég á nóg af öllu og mig vantar ekki neitt. Best væri bara að fá rólegheit og frið. Ef það væri hægt að gefa minna stress þá væri ég til í það.



Guðný Sigurjónsdóttir, rafvirki í steypuskála

Ég er ekki að óska eftir neinu sérstöku í dag. Það sem skiptir máli er að eiga notalega stund með fólkinu mínu.



Fanný Ösp Hjálmarsdóttir, framleiðslustarfsmaður í skautsmiðju

Einhverjar málningarvörur til að sinna málalastinni sem er áhugamálið mitt.

ALLT Í SÓMA HJÁ SÓMA

Særún Kristinsdóttir tók nýverið við sem formaður Sóma sem er starfsmanna-
félag Alcoa Fjarðaáls

Særún Kristinsdóttir tók nýverið við sem formaður Sóma sem er starfsmannafélag Alcoa Fjarðaáls. Særún er leiðtogi C-vaktar í kerskála og er einn af þeim starfsmönnum sem eru með hvað lengstan starfsferil hjá fyrirtækinu en hún hóf störf í september árið 2006 þegar enn var verið að reisa álverið. Við spjölluðum við Særúnu um nýja formanns-
hlutverkið og spurðum fyrst hvað það felur í sér.

„Formaður þarf að vera drífandi og áhugasamur, bera hag allra starfsmanna fyrir brjósti og standa fyrir skemmtilegum uppkomum. Ég stend alls ekki ein í þessu þar sem ég er með frábæran hóp af fólki með mér í stjórninni og nýverið bættust þrír nýliðar í þann hóp. Stjórnin er því fullmönnuð en alls erum við sex. Ég er viss um að þessi hópur mun koma fram með margar skemmtilegar hugmyndir sem við munum reyna að koma á koppinn“, segir Særún. Hún bætir við að hún sé enn að koma sér inn í hlutverkið sem hún tók við á aðalfundi félagsins fyrr í haust en fyrstu verkefnið hafi verið að skipuleggja hina árlegu jólaskemmtun fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, taka við ábendingum og miðla upplýsingum til félagsmanna. Þá segist hún afar þakklát fyrir stuðninginn sem hún hefur fengið frá Hilmarí Sigurbjörnssyni í mannauðsteyminu en hann hefur um árabil starfað með félaginu sem tengiliður fyrirtækisins við félagið.

Nýjungar framundan

Helstu verkefni Sóma hafa í gegnum tíðina snúist um skipulagningu á skemmtunum líkt og áður nefndri jólaskemmtun og oft hafa einnig verið haldnir fjölskyldudagar á sumrin eða haustin. Þá er hægt að nálgast afslátt af vörum og þjónustu í gegnum félagið og það hefur boðið upp á margs konar námskeið fyrir félagsmenn sína. En skyldi vera eitthvað nýtt á döfinni hjá nýjum formanni? „Já mig langar að brydda upp á einhverjum nýjungum í skemmtun og afþreyingu fyrir félagsmenn, bjóða upp á fleiri viðburði og námskeið.

Félagið er loks að ná vopnum sínum aftur eftir að hafa fyrir nokkrum árum lent í því að þáverandi gjaldkeri dró að sér fé úr sjóðum þess. Sá peningur sem við höfum núna náð að safna okkur verður nýttur til að gera ýmislegt skemmtilegt fyrir starfsfólkið“, segir Særún.

Fyrir jólin ákvað Sómi að bjóða upp á frítt konfektgerðar-
námskeið fyrir félagsmenn sem heppnaðist vel. Um 40 manns sóttu námskeiðið og lærðu réttu handtökin við konfektgerð. Særún segir að fyrir næstu jóla væri gaman að endurtaka leikinn en bjóða þá upp á tvö námskeið svo allir starfsmenn sem ganga vaktir hafi tök á því að mæta á annað hvort námskeiðið.

Púslæði á heimilinu um jólin

Særún segir að mikilvægasta hlutverk hennar sem leiðtogi sé að gera sitt besta til að halda uppi góðum starfsanda og gæta þess að fólk inni störf sín vel af hendi. Hennar helsta markmið á hverri vakt er að vaktin standist áætlun og hún er mikið í því að taka úttektir. Hvað einkalífði varðar er



Áhugasamir nemendur á konfektnámskeiði.



Særún ásamt Jordan Tómasi Boateng sem hlaut stóra vinninginn í bingó á jólaskemmtun Sóma 16. desember.

Særún búsett á Reyðarfirði ásamt sambýlismanni sínum Róberti Beck og tveimur unglingum, 14 og 16 ára gömlum. Særún segir að sitt helsta áhugamál sé bókalestur. „Mér finnst voða gott að liggja upp í sófa með góða bók. Svo er nýjasta æðið hérna á Reyðarfirði crossfit sem er frábær nýjung inn á svæðið og ég er komin á fullt í það. Það er svo gott að hreyfa sig í góðum félagsskap. Allir fara brosandi heim af æfingu.“ En þar sem jólin eru á næsta leiti er ekki úr vegi að enda á því að spyrja Særúnu um jólahefðir á heimilinu. „Við púslum alltaf rosalega mikið á jölunum. Og það er í raun bara þá sem við púslum, stundum í marga klukkutíma og allir hjálpast að. Mér finnst það rosalega skemmtilegt og það er hefð að kaupa alltaf nýtt púsl fyrir jólin.“



Frá konfektnámskeiði sem boðið var upp á fyrir starfsmenn fyrr í haust.



Halldór Kristján Sigurðsson, bakari og konditor var leiðbeinandi á konfektnámskeiðinu.

Alcoa Foundation

HREINSUN STRANDLENGJU FJARÐABYGGÐAR

Verkefnastjóri verkefnisins var Anna Berg
umhverfisstjóri Fjarðabyggðar



Anna Berg umhverfisstjóri Fjarðabyggðar.

Í sumar veitti samfélagssjóður Alcoa (Alcoa Foundation) Fjarðabyggð styrk að upphæð tæpar fjórar milljónir króna eða 30.000 Bandaríkjadala til að hreinsa strandlengjuna í Fjarðabyggð. Verkefnastjóri verkefnisins var Anna Berg Samúelsdóttir umhverfisstjóri Fjarðabyggðar en hún fer með yfirumsjón með umhverfismálum sveitarfélagsins. Við ræddum við Önnu um þetta verðuga verkefni og sýn hennar á það sem mikilvægast er að huga að hvað umhverfismálin varðar.

Verkefnið sem Fjarðabyggð fékk styrk fyrir gekk út á að hreinsa alla strandlengju Fjarðabyggðar með áherslu á svæðin sem eru fjær þéttbýliskjörnum en þar getur flotið talsvert af rusli á land á land án þess að hirt sé um það enda oft fáir á ferli á þessum svæðum. Anna nefnir sem dæmi Gerpissvæðið þar sem eru tveir eyðifirðir og tvær eyðivíkur og svo einnig annesið Krossanes en öll þessi svæði

voru hreinsuð í sumar. Hvers vegna er mikilvægt að fara í slíkt verkefni? „Vegna þess að við þurfum að fjarlægja mengandi efni úr fjörunum þar sem þau geta verið skaðleg fyrir flóru og fánu“, segir Anna. „Framkvæmd verkefnisins gekk mjög vel, við fengum hagsmunasamtök til liðs við okkur og þau áttu í mörgum tilfellum frumkvæðið að því að hreinsa svæðin.“

Var eitthvað sem kom á óvart í þessum hreinsunum? „Já, hversu mikið rusl og sérstaklega plast var í fjörunni. Erfiðast var að ná því plasti sem brotnað hafði niður í smærri einingar sem fuglar geta tekið í misgripum fyrir fæðu. Allir sem tóku þátt í þessu fundu fyrir vakningu á mikilvægi þess að tína upp rusl, ekki bara í vegköntum heldur líka á fjarsvæðum.“ Anna vonar að verkefnið geti öðlast framhaldslíf þar sem auðvelt sé að viðhalda hreinum svæðum ef stöðug tiltekt á sér stað. Hún segir það vera í skoðun að fá unga fólkið sem mun erfa landið til liðs við sveitarfélagið í framhaldi af verkefninu.

Action verkefni og styrkafhending í fjörunni
Styrkurinn frá Samfélagssjóðnum var formlega veittur bæjarstjóra Fjarðabyggðar 27. júní í kjölfarið á „Action“ sjálfboðaliðaverkefni fyrir Björgunarsveitina Ársól þar sem fjaran frá álverslóðinni út með Hólmum og út í Hólmanes var hreinsuð. Vaskir liðsmenn Björgunarsveitarinnar Ársól sáu um að fjarlægja ruslið sem safnaðist, en það var umtalsvert og tóku 22 sjálfboðaliðar þátt í verkefninu með dyggum stuðningi og umsjón frá Önnu Berg. Eftir að árangursríkri strandhreinsun var lokið var slegið upp kvöldvöku á Borgarsandi á Hólmanesi ásamt gestum Gönguvíku Fjarðabyggðar. Öllum var boðið upp á grillaðar veitingar í boði starfsmannafélags Fjarða-



Hluti hópsins sem tók þátt í að hreinsa ströndina frá álverinu og út í Hólmanes. Anna Berg er þriðja frá vinstri.

áls, Sóma, auk þess sem kveikt var í bálkesti og sungið og trallað. Í grillveislunni veitti Dagmar Yr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta og samfélagsmála hjá Fjarðaáli, styrkinn frá Samfélagssjóði Alcoa sem er að upphæð 30.000 Bandaríkjadali en það samsvarar um 3,7 milljónum króna. Bæjarstjóri Fjarðabyggðar, Karl Öttar Pétursson, tók á móti styrknum fyrir hönd sveitarfélagsins.

Margt smátt gerir eitt stórt

Að lokum spyrjum við Önnu hverjar séu helstu áherslur Fjarðabyggðar í umhverfismálum um þessar mundir. „Þessa dagana er verið að vinna með umhverfisstefnu Fjarðabyggðar þar sem áhersla er lögð á Heimsmarkmið Sam-einuðu þjóðanna“, segir hún. Þá segir Anna að allir geti lagt sitt af mörkum þegar kemur að umhverfismálum. „Margt smátt gerir eitt stórt – það skiptir máli að við leggjum öll eitthvað af mörkum, sama hversu lítið það er.“ Einhvers staðar þarf fólk að byrja þegar það fer að huga að umhverfissvænni lífsstíl og Anna bendir á að fyrir hátíðirnar sé gott að huga að umhverfissvænum innkaupum og muna að endurnýta eins og kostur er, til dæmis jólagjafaumbúðir. „Um áramótin vil ég benda fólki á að vera hóflegt í flugeldakaupum og styrkja frekar björgunarsveitirnar beint. Eins að muna að skoða innihaldslýsingar á því sem er keypt og forðast eins og kostur er plastefni sem getur leynst í þessum vörum. Við hjónin veljum um áramótin að gefa björgunarsveitinni í okkar nærsamfélagi 10.000 kr. og sleppa því að skjóta upp.“



Agnieszka Kula

ÓTRÚLEGUR LISTAMAÐUR Í STEYPUSKÁLANUM

Í steypuskála Fjarðaáls leynist ótrúlegur listamaður sem malar ævintýralegar myndir.



Agnieszka Kula á vakt í steypuskála Fjarðaáls.

Myndirnar hennar Agnieszku Kula vekja athygli hjá hverjum þeim sem sér þær. Hún hefur því miður haft takmörkuð tækifæri til að sinna hæfileikum sínum á sviði málalistar en er nú að gefa sjálfri sér meiri tíma til þess. Loks hefur hún látið drauminn rætast um að hefja listnám og stefnir á að setja upp sýningu á næsta ári.

Agnieszka Isabell Kula er alltaf kölluð Agnes af vinum og vandamönnum. Hún er frá Póllandi en það var forvitnin sem rak hana í heimsókn til Íslands árið 2007. Ætlunin var að stoppa bara í nokkra mánuði og vinna en hún ilengdist í þrjú ár. Þá flutti hún til Belgíu í tvö ár og þaðan til Írlands í önnur tvö en svo var það ástin sem kallaði hana aftur til Íslands árið 2015. Bastian Stange, sambýlismaður hennar, er frá Þýskalandi en hefur búið hér á landi síðan 2005. Þau

kynntust þegar Agnes bjó hér í fyrra skiptið og höfðu alltaf haldið vinskapi en áttuðu sig svo á því að tilfinningar þeirra til hvors annars runnu dýpra. Það varð til þess að Agnes flutti aftur til landsins ásamt börnum sínum tveimur, Maximus sem er 8 ára og Magdalenu sem er 19 ára og stundar nám á listnámsbraut við Menntaskólann á Egilsstöðum.

Foreldrarnir vildu ekki að hún færi í listnám

Agnes og Bastian hafa búið sér og börnunum gott heimili á Eskifirði og þar nýtir Agnes vaktafriin sín til að sinna listsköpun sinni. Bæði vinna þau hjá Fjarðaáli, Bastian í viðhaldinu og Agnes á víravélinni í steypuskálanum. Heimilið er mjög fjölbjóðlegt og þar eru töluð nokkur tungumál og ólíkum menningarheimum er haldið á lofti. „Sonur minn fæddist hér á Íslandi en svo fluttum við og hann kynntist bæði Belgíu og Írlandi áður en við settumst aftur að hér á Íslandi. En móðurland mitt, Pólland er honum framandi þótt honum finnist spennandi að fara þangað í heimsókn.“ En víkjum að listinni sem er einn af drifkröftunum í lífi Agnesar. Heimili þeirra Bastians ber mikinn vott um listsköpunina en veggina prýða ótal myndir og stór málverk eftir Agnesi, hvert verk öðru fegurra. Það er ljóst að Agnes hefur mikla hæfileika en skyldi hún hafa menntað sig í myndlist? „Nei það gerði ég ekki. Þetta er frekar skráttin saga en í föðurfjölskyldu minni býr mikil list. Allir í ættinni hafa listahæfileika og pabbi minni málaði þegar ég var barn svo ég bað hann um að kenna mér. Mig langaði að fara í listaskóla þegar ég var ung en foreldrar mínir bönnuðu mér það. Ég var nefnilega líka góð í stærðfræði og þau ákváðu að ég ætti að verða bókari svo ég fór og lærði það. En ég hætti í þess háttar vinnu þegar ég flutti hingað. Það var erfið ákvörðun að hætta í skrifstofuvinnu og fara að vinna framleiðslustarf en ég er fegin að ég gerði það. Mér finnst svo gott að bera ekki svona mikla ábyrgð eins og



Agnes er með aðstöðu heima hjá sér, hér er má sjá nýjasta verkið sem er í vinnslu.

ég gerði áður, mér finnst ég frjálstari.“ Þá bætir Agnes við að tíminn milli vakta nýtist vel til að sinna listinni.

Sambýlismaðurinn hvatti hana til að fara að mála aftur

Agnes hefur komið víða við. Þegar hún bjó í Belgíu vann hún sem ljósmyndari fyrir dagblað og tók einnig myndir fyrir fyrirtæki og einstaklinga. En hún hefur ekki mikið verið að sinna ljósmyndun eftir að hún byrjaði að mála aftur. „Ég var alltaf aðeins að mála þegar ég bjó í Póllandi og seldi einu sinni abstrakt verk til húsgagnabúðar. Það var í fyrsta skipti sem ég seldi eitthvað en svo hætti ég að mála, þar sem mikið gekk á í mínu persónulega lífi, ég stóð í skilnaði og var lengi einstæð móðir. Ef það væri ekki fyrir Bastian þá hefði

ég ekki byrjað að mála aftur! Hann hvatti mig til þess að taka aftur upp penslana. Ég var að tala um að mig langaði svo í mynd á vegginn og hann sagði mér að mála hana bara. En ég var viss um að ég gæti það ekki af því að ég var með ákveðna mynd eftir Salvador Dalí í huga sem mig langaði í eftirprentun af. Ég sýndi Bastian myndina og hann sagði að ég gæti alveg málað svona mynd, þannig að ég lét vaða og á þessa mynd ennþá.“ Smám saman fór boltinn að rúlla hjá Agnesi og hún fór að mála meira og fólk fór að kaupa af henni myndir. Bastian hefur verið hennar helsti stuðningsmaður og hvetur hana til að sinna listinni. Hún fær oft óskir frá fólki um að mála andlitsmyndir eftir ljósmyndum og hún gerir þó nokkuð af því. Þá malar hún einnig mikið af náttúrumyndum.



Agnes, Bastian og Max. Agnes segir Bastian sé hennar helsti stuðningsmaður þegar kemur að listinni.

Loksins listnám

Agnes er loks að láta drauma sína um listnám rætast en í haust hóf hún fjarnám frá Fine Art America Academy í San Francisco. „Satt best að segja myndi ég gjarnan vilja stunda nám hér á landi en þar sem ég tala litla íslensku held ég að tungumálið yrði mér fjötur um fót.“ Agnes segir það nokkra áskorun að takast á við námið þar sem margt sé

Agnes hefur selt verk sín víða um heim og andlitsmyndir hennar vekja gjarnan mikla athygli.

henni framandi í þessu bandaríska skólakerfi, það séu hugtök sem hún sé að heyra í fyrsta skipti. En eftir fyrstu önnina er hún að verða sjálföruggari og segist vera búin að komast að því að hún hafi góðan grunn fyrir námið til dæmis hvað varðar tækni og listasögu.

Stórt ár framundan

Agnes er spennt fyrir komandi ári. Hún ætlar að halda áfram að stunda listnám og svo er hún að fara að vinna í spennandi verkefni sem tengist íslenska hestinum. Hún er sem stendur að leita sér að samstarfsaðila sem á hesta og vill leyfa henni að koma og mynda og teikna hestana. Hún ætlar síðan að nota óvenjulega tækni til að mála hestana á risastóra striga með höndunum, sem sagt ekki nota málningarbursta eins og hún er vön. Í kjölfarið stefnir hún svo á sýningu á þessum myndum bæði í Reykjavík og hér fyrir austan. Agnes hefur aldrei áður haldið sýningu á verkum sínum svo þetta verður stórt ár hjá henni. Við hjá Fjarðaálsfréttum munum fylgjast spennt með næstu sigrum í lífi þessar framúrskarandi listakonu.

Hægt er að skoða myndirnar hennar Agnesar og fylgja henni á Facebook undir Aga art og einnig á instagram@agaart9.

Vatnajökulspjóðgarður

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR Á HEIMSMINJASKRÁ

Alcoa fagnar ákvörðun Unesco um að setja
Vatnajökulspjóðgarð á heimsminjaskrá

Þann 5. júlí var sú ákvörðun tekin á heimsminjaráðstefnu Unesco í Bakú í Aserbaídsjan að setja Vatnajökulspjóðgarð á heimsminjaskrá. Alcoa fagnar þessari niðurstöðu enda hefur fyrirtækið lengi borið hagsmuni þjóðgarðsins fyrir brjósti.

640 milljónir til Vina Vatnajökuls sl. áratug

Samtökin Vinir Vatnajökuls voru stofnuð 2009. Þá hafði undirbúningur staðið um nokkurt skeið en vegna efna-hagshrunsins í október 2008 seinkaði formlegri stofnun samtakanna. Þrátt fyrir heimskreppuna og hrun álverðs á heimsmarkaði ákvað Alcoa á Íslandi að standa við áður gef-in fyrirheit um stuðning við Vatnajökulspjóðgarð og veitti 89 milljón króna stofnstyrk til samtakanna.

Ástæða þess að Alcoa ákvað að veita Vinum Vatnajök-uls styrkinn, en ekki Vatnajökulspjóðgarði, er sú að það er stefna fyrirtækisins að styrkja fyrst og fremst frjáls félagasamtök og/eða sjálfseignarstofnanir. „Það er okkur mikil heiður og ánægja að geta staðið við gefin loforð á erfiðum tímum,“ sagði Tómas Már Sigurðsson, þáverandi forstjóri Alcoa á Íslandi, af þessu tilefni. „Við munum gera okkar besta til að tryggja þjóðgarðinum stuðning á næstu árum, enda mikilvægt að kenna bæði Íslendingum og útlendingum að meta þessa þjóðargarsemi sem Vatnajökuls-þjóðgarður er.“

Vinir Vatnajökuls eru frjáls félagasamtök sem styrkja rannsóknir, kynningu og fræðslu sem stuðlar að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulspjóðgarðs. Frá stofnun samtakanna hefur Alcoa Fjarðaál greitt um 640 milljónir króna í styrki til þeirra.

Áratugaafmæli Vinanna fagnað við Jökulsárlón

Í byrjun júlí var haldið upp á tíu ára afmæli Vina Vatnajökuls með opnun glæsilegrar ljósmyndasýningar og fræðslustígs við Jökulsárlón. Ljósmyndirnar á sýningunni eru teknar af Ragnari Th. Sigurðssyni og eru allar teknar innan marka þjóðgarðsins. Óhætt er að mæla með því að fólk á ferð



Frá afmælishátíð Vina Vatnajökuls í júlí: Umhverfisráð-herra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, klippir á borða til að opna formlega ljósmyndasýninguna. Theodór Blöndal heldur í hinn endann.

um svæðið staldri við og skoði myndirnar sem munu standa um óakveðin tíma á sandinum neðan við brúna yfir Jökulsárlónið. Við opnunina flutti Theodór Blöndal, formaður samtakanna, ávarp og sagði m.a.: „Alcoa á Íslandi hefur verið stærsti bakhjarl Vinanna frá stofnun samtak-anna og árið 2010 bauð fyrirtækið framkvæmdastjóra þjóðgarðsins og Vina Vatnajökuls til Bandaríkjanna, til að heimsækja þjóðgarða og kynna sér rekstrarmódel þeirra. Það var síðan American-Scandinavian Foundation með fjárstyrk frá Alcoa Foundation sem bauð 15 starfsmönnum þjóðgarða og verndaðra svæða á Íslandi til Bandaríkjanna til tveggja vikna fræðsluferðar þeim að kostnaðarlausu.“

Þess má geta að samtökin Vinir Vatnajökuls greiddu þriðjung af kostnaði þjóðgarðsins vegna umsóknar um heimsminjaskrána.

VEL HEPPNUÐ RÁÐSTEFNA UM JAFNRÉTTIS- MÁL Á VINNUSTÖÐUM

Stórfyrirtæki ræddu jafnréttismál á Egilsstöðum. Fjarðaál átti frumkvæði að ráðstefnunni og fékk önnur jafnréttisþenkjandi fyrirtæki að borðinu.

Ráðstefna um jafnréttismál á vinnustöðum var haldin á Egilsstöðum föstudaginn 8. nóvember. Þar ræddu þrjú stórfyrirtæki, Alcoa Fjarðaál, Landsbankinn og Landsvirkjun, sem öll hafa sett jafnréttismál á oddinn um árabíl, hvers vegna áhersla á jafnréttismál væri vinnustöðum og atvinnulífinu mikilvæg. Þá var einnig rætt um ávinning af jafnlaunavottunum og Jafnréttisvísi Capacent.

Hvar eru þær?

Lilja Björk Einarsdóttir bankastjóri Landsbankans flutti erindi undir yfirskriftinni Hvar eru þær? Þrátt fyrir að Ísland skipi sér í efsta sæti heimslista þegar kemur að jafnrétti kynjanna þá hallar verulega á konur í efsta stjórnunarlaginu hjá stærri fyrirtækjum. Lilja ræddi um hvað Landsbankinn hefur gert til að setja jafnréttismál á oddinn og hvað hefur áunnist. Stefna bankans í þessum málum er skýr en hún sagði það ekki nóg, það þarf að fylgja henni eftir og hafa sýnileg markmið. Þá heldur bankinn kynjabókheld til að halda utan um þau sem koma fram fyrir hönd bankans í ræðu og riti. Það hefur hjálpað mjög til að gera þetta með markvissum hætti og nú er svo komið að hlutfallið er jafnt. Lilja tók skýrt fram að árangur í auknu jafnrétti í atvinnulífi náist ekki nema stjórnendur setji málaflokkinn í forgang.

Mikill ávinningur fyrir fyrirtæki að vinna með jafnréttismál

Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar sagði frá því hvernig áhersla á jafnréttismál hafi leitt til betri menningar og betri vinnustaðar fyrir alla. Landsvirkjun ákvað að setja aukna áherslu á jafnréttismál árið 2017 og tók þá upp samstarf við Capacent um Jafnréttisvísi. Þá var ráðist í heildstæða úttekt á stöðu jafnréttismála í fyrirtækinu, ekki aðeins á mælanlegum þáttum eins og kynjahlutfalli og launum heldur einnig á menningu, samskiptum og vinnuum-

hverfi. Þessi vinna hefur skilað aðgerðaáætlun jafnréttismála til þriggja ára sem fylgt hefur verið eftir með því að setja niður markmið, aðgerðaáætlun og mælikvarða. Meðal þess sem hefur verið breytt er að tekin hafa verið upp ný starfsheiti, nýtt ráðningarferli, áhersla á jafnrétti við gerð markaðsefnis og boðið upp á jafnréttisþjálfun fyrir stjórnendur.

Það þarf kjark til að ögra vinnustaðarmenningu

Frá því að Fjarðaál tók til starfa hefur fyrirtækið haft metnaðarfull markmið þegar kemur að jöfnu kynjahlutfalli á vinnustaðnum. En eitt er að setja markmið og annað að ná því líkt og Guðný Björg Hauksdóttir fram-

Ráðstefnugestir voru áhugasamir um erindin og tóku þátt í umræðum í lokinn.



Frummælendur tóku þátt í pallborðsumræðum í lok ráðstefnunnar.

kvæmdastjóri mannauðs greindi frá í erindi sínu. Hlutfall kvenna hefur rokkað upp og niður hjá fyrirtækinu, hæst í 32% árið 2008 og lægst í 19% árið 2015. Með markvissum aðgerðum líkt og breytingu á vaktakerfi og rýningu á vinnustaðarmenningu hefur náðst árangur en Guðný benti á að þetta væri viðvarandi verkefni og ekki mætti slá slöku við. Guðný greindi einnig frá því hvernig fyrirtækið tókst á við #metoo byltinguna með því að bjóða upp á kynjaskipta fundi fyrir alla starfsmenn í fyrirtækinu og út úr þeirri vinnu kom vinnustaðarsáttmáli sem starfsfólk kvittaði undir með táknrænum hætti. Að lokum benti Guðný á að við eigum enn heillangt í land hér á landi hvað það varðar að styrkja stöðu kvenna í stjórnendastöðum og eins að létta af þeim álagi á heimili svo þær hafi jöfn tækifæri til að sækja fram í atvinnulífinu.

Fyrirtæki ánægð með jafnlaunavottun

Þorsteinn Víglundsson þingmaður Viðreisnar var félagsmálaráðherra þegar lög um jafnlaunavottun voru samþykkt frá Alþingi. Þorsteinn greindi frá því að samkvæmt nýlegri könnun sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið eru 81% vottaðra fyrirtækja mjög eða frekar ánægð með jafnlaunavottunina og þá fannst 75% fyrirtækja vottunin auka yfirsýn og skilvirkni í rekstri. Þegar jafnlaunavottunin var kynnt til sögunnar höfðu mörg fyrirtæki áhyggjur af kostnaði sem vottunarferlið myndi hafa í för með sér en í fyrirnefndri könnun var kostnaður í 8. sæti af 12 valmöguleikum yfir erfiðleika við innleiðingu. Þorsteinn ræddi einnig um



Þórey Vilhjálmssdóttir hjá Capacent er sérfræðingur í jafnréttismálum.

mikilvægi þess að karlar láti til sín taka í umræðunni og baráttunni fyrir jafnréttismálum og að þeir líti ekki á hana sem ógn við sig. Kynjajafnrétti er allra hagur og Þorsteinn sagði að samkvæmt rannsóknnum þá lifa karlmenn lengur í samfélögum þar sem jafnrétti ríkir.

Jafnréttisvísir Capacent

Þórey Vilhjálmssdóttir ráðgjafi og meðeigandi hjá Capacent greindi frá Jafnréttisvísi Capacent sem er verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja stuðla að vitundarvakningu um jafnréttismál og móta skýr markmið í framhaldinu. Staðan í fyrirtækinu er metin út frá ítarlegri greiningarvinnu og komið er á fót breytingaverkefnum til að bæta stöðu jafnréttismála og innleiða þau. Notaðir eru mælikvarðar eins og kynjahalli í launadreifingu og glerþakslíkan. Einnig er leitast við það að fá uppá yfirborðið þá ómeðvituðu kynbundnu fordóma sem oft leynast í menningu, umhverfi og skipulagi fyrirtækja. Fyrirtæki og stofnanir sem taka þátt í verkefninu hljóta viðurkenningu þar sem formlega er vottað að fyrirtækið sé aðili að Jafnréttisvísi Capacent.

Í lokin sátu þau sem fluttu erindi á ráðstefnunni fyrir svörum í pallborði. Ráðstefnunni stýrði Dagmar Ýr Stefánsdóttir yfirmaður samskipta og samfélagsmála hjá Fjarðaáli. Hægt er að nálgast upptöku af ráðstefnunni á Facebook síðu Austurfréttar þar sem ráðstefnunni var streymt beint meðan á henni stóð.

Lára Elísabet Eiríksdóttir

ALLT NÝTT SEM HÆGT ER AÐ NÝTA

Hugmyndaflugi Láru Eiríksdóttur eru engin takmörk sett og nýjasti neistinn er einstakt verkefni varðandi endurvinnslu á fatnaði



Lára ásamt starfsmönnum sínum í þvottahúsinu og á saumastofunni. F.v. Zoja, Anja, Lára, Zusanna og Díska dóttir Láru.

Lára Elísabet Eiríksdóttir er Eskfirðingur, brautryðjandi og orkubolti. Árið 2003 þegar Fjarðaál var að opna skrifstofu á Reyðarfirði, var hún ráðin til þess að sjá um ræstingar. Eftir því sem atvinnulífið á Austurlandi þróaðist næstu árin þar á eftir réði hún til sín fleiri og fleiri starfsmenn til þess að ráða við öll verkefni sem henni buðust. Lára stofnaði fyrirtækið Fjarðapríf árið 2005 og nú eru starfsmenn þess orðnir 37 talsins. Flestir þeirra vinna við þríf í fyrirtækjum en fjórir í þvottahúsi og þurrhreinun sem Lára setti upp á Eskfirði. Hugmyndaflugi Láru eru engin takmörk sett og einstakt, umhverfissvænt verkefni sem hún hefur ráðist

Zoja og Anja eru algjörir snillingar þegar kemur að saumaskap og endurnýtingu fatnaðar sem fellur til hjá Fjarðaáli.



í samhliða rekstri þvottahússins, vakti athygli Fjarða-álsfrétta. Við spurðum hana nánar út í það áhugaverða endurvinnsluframtak.

Umhverfisverndarmál eru mikilvæg

Fjarðapríf var fyrsta ræstingapjónustan á landsbyggðinni til þess að hljóta Svansvottum Umhverfisstofunar. „Já, við erum með græna svaninn, við fengum hann aftur 2018 og það gildir til 2021. Ég er ekki búin að fá vottun á sjálft þvottahúsið, þetta gildir fyrir ræstinguna, en við vinnum og kaupum inn fyrir þvottahúsið með þá vottun í huga. En það er eitt og annað sem kemur inn í þvottahúsið og þá þarf að nota efni sem eru kannski ekki alveg eins umhverfissvæn. Við erum líka með þurrhreinun og það er mjög erfitt að vera með 100% umhverfissvæn efni í henni.“

Þvottahúsið hefur um árabil séð um þvott á vinnufatnaði starfsfólks Fjarðaáls. Láru fannst það synd að farga fötum sem einn starfsmaður hafði notað, og fyrir um 3-4 árum síðan fékk hún þá hugmynd að endurnýta fötin, merkja þau og láta nýtt starfsfólk hafa notuð. „Ef einhver hættir þá förum við yfir fötin hans og ef þau eru í lagi, þá nýtum við þau aftur. Þeir sem koma til dæmis inn á byrjendanámskeið fá eitt nýtt sett og kannski tvö notuð. Ef við eigum notað sem er í lagi, þá hikum við ekki við að senda það út. Fólk á að vera sama, því það er hvort sem er í innanundirfötum og er aldrei beint í snertingu við þennan fatnað.“

Saumastofa í þvottahúsinu

Lára setti upp lítið saumahorn í þvottahúsinu á Eskfirði. „Mér stóð til boða iðnaðarsaumamaskína sem ég keypti og það er hægt að nota hana í ýmislegt. Það var nefnilega svo mikið til af vinnufatnaði sem fólkið var hætt að nota. Fötin voru alveg heil og vel farin þannig að við tókum upp á að endurnýta þau. Svo voru skemmd föt, kannski rifin

önnur ermin á jakka. Til þess að við getum nýtt þetta meira, þá höfum verið að nota það sem er heilt á notuðum fötum í bætur á öðrum fötum.“ En það er ekki endalaust hægt að bæta og staga í vinnufatnað sem hefur stóru öryggishlutverki að gegna. „Það er hægt að gera við eitthvað visst mikið af hverri flík – það mega bara vera litlar viðgerðir á þeim til að þær gagnist áfram.“

„Það er svo gaman að fylgjast með stelpunum fjórum í þvottahúsinu“, segir Lára. „Þær vinna í saumaskapnum þegar það er ekkert annað að gera: ef það er verið að bíða eftir vélunum eða rólegur dagur.“ Ein af starfsmönnum er íslensk, hún er reyndar dóttir Láru, og þrjár eru pólskar, þar af ein með góða reynslu frá saumastofu í Póllandi.

Skikkjur og grímupokar

Snillingunum á saumastofunni datt í hug að nota bakið á jökkum sem hættir voru í notkun og sauma úr þeim skikkjur á hjálmana til að verja hálsinn á starfsmönnum, svo þeir verði ekki fyrir slettum. Láru hafði blöskrað að heyra hvað Fjarðaál var að borga fyrir nýjar svona skikkjur, og það sama gildir um grímupokana. Starfsmenn Fjarðaáls höfðu fengið afhenta appelsínugula grímupoka þegar þeir hófu störf. „Fólk var að krotta nafnið sitt á þá“, segir Lára. „Þeir voru oft mjög skítugir og þetta var að koma í þvott. Svo var einhver kannski hættur sem var með þennan poka og þá var enginn sem vildi nota hann af því að hann var allur útkrotaður. Þannig að við fórum að prófa að sauma grímupoka, bara úr ónýtum fötum, úr ermum og fleira. Það koma kannski buxur sem er rifin önnur skálmín á. Þú getur fengið til dæmis tvo grímupoka úr hinni skálminni. Annars hefði það bara farið í ruslið.“

Hvað kom þá í staðinn fyrir krotið? „Við setjum miða á poka sem hægt er að skipta um, þannig að þú getur skrifað nafnið þitt á miðann og svo skiptum við bara um miða á eftir.

Þannig að það er hægt að endurnýta pokana aftur og aftur. Nú er ekki langt síðan við byrjuðum á þessum pokum, það var bara á þessu ári. Þeir eru mun snyrtilægri en þessir gömlu, appelsínugulu. Ég held að það sé rándýrt fyrir Fjarðaál að kaupa fötin, bæði skikkjurnar og grímupokana. Það er kannski skiljanlegt að það sé dýrt ef þú ert að kaupa efni í metratali. En ef maður getur nýtt rifin föt í þessum tilgangi, þá er það góður sparnaður.“

Lager af „varahlutum“ fyrir föt

Lára heldur áfram að lofa starfsmennina í þvottahúsinu: „Meira að segja ef það er ekkert að gera þá eru þær jafnvel að spretta rennilásam af buxum sem eru ónýtar, ef rennilásinn er heill. Það er allt nýtt sem hægt er að nýta. Þær hafa tekið vasa innan úr slitnum buxum, sem eru heilir, til að skipta um vasa í buxum sem eru heilar en bara innan-ávasarnir eru ónýtir. Ef við tökum eftir því að beltishankarnir eru slitnir á buxum, þá eiga þær tilbúna hanka sem voru klipptir af öðrum buxum. Þetta er alltaf til „á lager“. Ef það koma til dæmis buxur sem eru með ónýtum vösum, þá eigum við tilbúna vasa einhvers staðar niðri í skúffu. Þær kippa hinum bara af og sauma þessa á. Forvinnan hjá þeim er svo góð að þetta er lítið mál í rauninni.“

En er hægt að nýta allt saman? „Það er ekki alltaf hægt. Í kerskálunum eru allir til dæmis í Kevlar-buxum með leðri framan á frá hné og niður til að hlífa fólki við slettum. Það er svona síst hægt að endurnýta þessar buxur. En ef eitthvað kemur í þvottahúsið sem er mjög slitið og ljótt þá tökum við það frá og setjum í sér hillu. Við hendum líka frá ef efnið er farið að trosna. Föt eða bútar af fötum sem er ekki hægt að endurnýta fara í ferli hjá Terra – sem áður var Gámapjónustan.“

Við fögnum þessu framtaki Láru og óskum henni og starfsfólki hennar alls hins besta í framtíðinni.

Styrkúthlutun

STYRKÚTHLUTUN 2019 HJÁ ALCOA FJARÐAÁLI

Fjarðaál úthlutar úr styrktarsjóði sínum að vori og hausti en heldur formlega styrkúthlutun árlega. Hún fór nýverið fram í Egilsbúð.

Þann 28. nóvember sl. var úthlutað við formlega athöfn í Egilsbúð í Neskaupstað hluta þeirra samfélagsstyrkja sem Fjarðaál veitti á árinu 2019. Við sama tilefni var úthlutað styrkjum frá Íþróttasjóðnum Spretti að upphæð 3,5 milljónir króna en ÚÍA heldur utan um sjóðinn sem Alcoa fjármagnar.

Alcoa Fjarðaál er stórt fyrirtæki í litlu samfélagi og því fylgir mikil ábyrgð. Einn angi af okkar samfélagsábyrgð er að styðja við verkefni í nærsamfélaginu. Við erum stolt af því að geta hjálpað góðum hugmyndum að verða að veruleika. Sumir styrkirnir frá okkur fara í að auka öryggi í landsfjórðungnum sem er vel þar sem eitt af aðalsmerkjum Alcoa er að tryggja öryggi starfsfólks, verktaka og gesta. Veittir voru átta styrkir þar sem verkefnin höfðu það markmið að auka öryggi íbúa og gesta á Austurlandi og fóru flestir þeirra til björgunarsveitanna á svæðinu. Þá voru veittir margir styrkir til menningartengdra verkefna og til að efla menntun og tómstundaiðkun barna.

Tveir styrkþegar voru fengnir til að segja stuttlega frá verkefnunum sem Alcoa Fjarðaál styrkti. Annars vegar var það Búnaðarsamband Austurlands sem hlaut styrk að upphæð 800 þúsund krónur til að endurútgefa ritið Sveitir og jarðir í Múlaþingi sem er Austfirðingum að góðu kunnugt. Jóhann Gísli Jóhannsson frá sambandinu greindi frá því að söfnun, svo verkefnið megi verða að veruleika, standi enn yfir en ljóst er að þörf er á að uppfæra ritið þar sem langt er liðið frá útgáfu síðustu bókar. Hins vegar fjallaði Katrín Birna Viðarsdóttir frá Félagsmiðstöðvum Fjarðabyggðar um verkefnið Kuldabola sem er árleg hátíð þar sem ungmenni af öllu Austurlandi koma saman í

Fjarðabyggðarhöllinni, skemmta sér saman og fá fræðslu um mikilvæg málefni. Alcoa hefur stutt við verkefnið frá árinu 2014 og með stuðningnum er hægt að halda kostnaði sem þátttakendur greiða í lágmarki. Verkefnið hlaut að þessu sinni 500 þúsund króna styrk.

Hæstu styrkir ársins runnu annars vegar til Barna-menningarhátíðarinnar BRAS á Austurlandi, ein milljón króna, og hins vegar til Félags áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði, 1,3 milljónir, en þar er unnið ötullega að því að rannsaka rústir bæjarins Stöðvar.

Dagskráin var brotin upp með lifandi tónlistarflutningi sem þau Jón Hilmar Kárason og Soffía Björgúlfsdóttir sáu um af sinni alkunnu snilld. Flutningur þeirra á laginu Vindur kom gestum í rétta aðventuskapið.



Frábært tónlistarfólk, Jón Hilmar og Soffía



Hópurinn sem hlaut styrk frá Alcoa Fjarðaáli árið 2019 ásamt Tor Arne Berg forstjóra og Dagmar Ýr Stefánsdóttur yfirmanni samskipta og samfélagsmála.

Umsækjandi	Verkefni
Austurbrú ses	BRAS menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi í annað sinn
B. G. Bros (útgáfa og tónleikahald)	Tónleikar til að kynna sólóplötu Guðmundar R. Gíslasonar
Björgunarsveitin Ársól	Kaupa nýjar skyndihjálpartöskur í farartæki sveitarinnar
Björgunarsveitin Bára	Uppgerð á harðbotnabát félagsins og búnaði honum tengdum
Björgunarsveitin Brimrún	Tækjakaup á 2 nýjum fjórhjólum með beltabúnað fyrir veturinn og Ford bifreið með palli
Björgunarsveitin Gerpír	Endurnýjun á búnaði við nýja bryggju við húsnæði sveitarinnar.
Björgunarsveitin Hérað	Græja upp beltabíl sem kostar 12 milljónir
Björgunarsveitin Sveinungi	Ráðast í endurbætur á neyðarskýli í Brúnavík v/Borgarfjörð eystri
Bláa kirkjan sumartónleikar	Halda 21. tónleikaröðina í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði sumarið 2019
Bókstafur ehf	Útgáfa bókar um flug á Austurlandi
Búnaðarsamband Austurlands	Endurútgefa ritið Sveitir og jarðir í Múlaþingi
DDT - Pönkviðburðir	Tónlistarhátíðin „Orientu in Culus“ í annað skipti
DDT pönkviðburðir	Halda V-5 bílskúrsparý, röð viðburða á sviði tónlistar í Neskaupstað
El Grillo félagið	Auka við sýningu sem styrkt var í fyrra, hreinsa fallbyssu.
Ferðafélag Fljótsdalshéraðs	Endurbyggja gamla húsið í Laugavalladal, norðan Kárahnjúka (2 styrkir)
Ferðaklúbburinn 4x4 Austurlandsdeild	Árleg haustferð með skjólstæðinga félagsþj. á Austurlandi
Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri	Gera 400 göngustikur fyrir gönguleið um Kækjuskörð
Félag áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði	Fornleifauppgröftur í Stöð á Stöðvarfirði (2 styrkir)



Hópurinn sem tók við styrkjum úr Íþróttasjóðnum Spretti árið 2019 ásamt Tor Arne Berg og Dagmar Ýr Stefánsdóttur frá Fjarðaáli og Benedikt Jónssyni stjórnarmanni hjá ÚÍA.

Umsækjandi	Verkefni
Félagsmiðstöðin Drekkinn	Búa til hópastarf fyrir stráka 12-15 ára á Vopnafirði
Félagsmiðstöðvar Fjarðabyggðar	Ungmennahátíðin Kuldaboli 2019
Fimleikadeild Hattar	Ný loftdýna sem er notuð af öllum hópum fimleikadeildar Hattar
Fimleikadeild Leiknis	Leggja dansgólf
Foreldrafélag Grunnskóla Borgarfjarðar eystra	Útbúa umhverfið í kringum útikennslustofu fyrir skólann
Foreldrafélag Grunnskóla Reyðarfjarðar	Kaupa forritunargræjur til að nota í kennslu
Gunnarsstofnun	Rithöfundalestin á Austurlandi
Hestamannafélagið Blær	Æskulýðsdagar sem eru fyrir börn á aldrinum 16 ára og yngri
Holan æfingaraðstaða	Uppbygging æfingar- og upptökuaðstöðu á Eskifirði
Hollvinasamtök FSN í Neskaupstað	Gulumælir til að mæla gulu hjá nýburum
Íbúasamtök Breiðdals	Lucas hjartahnoðtæki í sjúkrabíl Breiðdalsvíkur
Íbúasamtök Eskifjarðar	Setja hreystitæki með gönguleiðum út á sveit
Íbúasamtök Fáskrúðsfirðinga	„Opinn dagur“ á Hjúkrunarheimilinu Uppsálir
Jaspis, félag eldri borgara á Stöðvarfirði	Áheitaanga til styrktar Krabbameinsfélagi Austfjarða
Kammerkór Egilsstaðakirkju	Vínarklassík Kammerkórs Egilsstaðakirkju á aðventu
Leikfélag Fljótsdalshéraðs	Setja upp Línu Langsokk
Lið fyrir lið	Uppsetning á Skarfi sem er nýtt íslenskt sviðsverk
Lionsklúbbur Eskifjarðar	Opið hús og tónleikar í Hjúkrunarheimilinu Hulduhlíð á Eskifirði
Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs	Setja upp stóra og þverfagleg sýningu
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Kaup á búnaði vegna stofnunar tæknismiðju í ME



T.v. Bjarni Þ. Haraldsson frá Tónleikafélagi Austurlands og Tor Arne Berg kampakátir á sviðinu. Uppi t.h. Jóhann G. og Jón Björgvin frá Búnaðarsambandi Austurlands. Niðiri t.h. Katrín Birna frá Félagsmiðstöðvum Fjarðabyggðar tók við styrk fyrir Kuldabola.

Umsækjandi	Verkefni
Minjasafn Austurlands	Sýning: Eftirlýstir Íslendingar á 17. og 18. öld í Safnahúsinu á Egs.
SAM-félagið, grasrótarsamtök skapandi fólks á Austurlandi	Pop up listhandverks/hönnunarviðburður á Austurlandi
Samtökin Eiðavinir	Gerð heimildarmyndar um sögu skólahalds á Eiðum
Sinfóníuhljómsveit Austurlands	Tónleikar á Eskifirði og Egilsstöðum
Sjósportklúbbur Austurlands	Kaup á björgunarvestum og göllum f. börn og ungmenni.
Skíðafélag Fjarðabyggðar	Kaupa um 100 stangir fyrir næsta vetur
Skíðafélagið í Stafdal	Kaup á gönguskiðaspora f. gönguskiðabraut í Stafdal
Skjala- og myndasafn Norðfjarðar	Samstarfsverkefni með Héraðskjalasafni Austurlands. Skanna gömul skjöl (Helgustaðahreppur)
Tónleikafélag Austurlands	Taktur - tónlistarhátíð á Fljótsdalshéraði
Tónleikafélag Austurlands	Tromman – tónlistarhátíð
Tónleikafélag Austurlands	Standa fyrir styrktartónleikum til handa geðsviði HSA
Tónlistarsjóður Egilsstaðakirkju	Hreinsun og lagfæring á orgeli
Tækniminjasafn Austurlands	Fjölskylduhátíð sumarið 2019
UÍA	UÍA farandþjálfun 2019
Ungmennafélagið Valur	Panne-fótboltavöllur á lóð Grunnskóla Reyðarfjarðar
Ungt Austurland	Náms- og atvinnulífssýningin „Að heiman og heim“
Vegahúsið - ungmennahús	Aðstaða fyrir fólk á Austurlandi til að taka upp hlaðvarpsþætti
Verkmenntaskóli Austurlands	Halda Tæknidag fjölskyldunnar

STÆRSTI HÓPURINN ÚTSKRIFAÐUR

Þann 13. desember síðastliðinn útskrifuðust 34 starfsmenn úr framhaldsnámi frá Stóriðjuskóla Fjarðaáls.

Að Stóriðjuskólanum standa Alcoa Fjarðaál, Austurbrú og Verkenntaskóli Austurlands.


Þetta er fjölmennasti útskriftarhópurinn frá upphafi, en hann samanstóð af 28 framleiðslustarfsmönnum og 6 iðnaðarmönnum. Áður en útskriftarathöfnin fór fram voru kynningar á lokaverkefnum útskriftarnema og er óhætt að segja að verkefnin hafi verið fjölbreytt og áhugaverð. Verkefnin sem nemendurnir unnu höfðu öll umbætur á vinnustaðnum að leiðarljósi og verður gaman að fylgjast með þeim verða að veruleika til hagsbóta bæði fyrir fyrirtækið og starfsfólk.

Skólinn skiptist í þriggja anna grunnnám annars vegar og þriggja anna framhaldsnám hins vegar. Frá því skólinn tók til starfa haustið 2011 hafa 126 framleiðslustarfsmenn lokið grunnnámi og nú í desember útskrifaðist nemandi númer 99 úr framhaldsnáminu. Framhaldsnámið er í boði fyrir þá framleiðslustarfsmenn sem lokið hafa grunnnámi sem og iðnaðarmenn.





Aníta Linda Leví var ein þriggja kvenna sem útskrifaðist úr stóriðjuskólanum en þeim hefur verið að fjölga jafnt og þétt konunum sem sækja skólann.

Útskriftarhópurinn ásamt Þorbjörgu Ólöfu Jónsdóttur umsjónarmanni námsins




Spurning augnabliksins

STRENGIR ÞÚ ÁRAMÓTAHEIT?




Bjarki Þorvaldur Sigurbjartsson, ferliseigandi málmvinnslu
Ég hef gert það en aldrei staðið við þau svo mér finnst þau vera frekar marklaus. Við höfum samt verið að leggja áherslu á að minnka plastnotkun á heimilinu og stefnum á að einbeita okkur að því að draga úr matarsóun á næsta ári.




Lilja Sigurðardóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra áreiðanleikateymis
Á nýju ári ætla ég að vera óhrædd við að takast á við nýjar áskoranir og stíga út fyrir þægindarammann. Einnig vil ég hægja á mér og njóta augnabliksins og eiga margar gæðastundir með strákunum mínum.



Daði Dervic, verktaki hjá VHE í skautsmiðjunni
Nei, reikna ekki með því, ég reyki ekki, drekk mjög sjaldan og er í góðu formi svo ég held ég bara þurfi þess ekki!



Ríkhartur Þór Rögnvaldsson, verkfræðingur í steypuskála
Nei, ég ætla ekki að gera það, ég hef allveg gert það en þau endast aldrei. Held það sé betra að setja sér markmið jafnt og þétt frekar en eitthvað eitt stórt fyrir allt árið.



Fjola Björg Sigurðardóttir, framleiðslustarfsmaður í kerskála
Já, ég ætla að hrósa fólki meira á nýju ári.



Unnur Þórleifsdóttir, verkfræðingur í álframleiðslu
Ég er ekki búin að ákveða hvað það verður en ég hef stundum strengt áramótaheit og þá hef ég staðið við þau. Ég mun pottþétt setja mér eitt hvert markmið um áramótin en það er ekki allveg ljóst hvað það verður.

Matthías Haraldsson

HÁSPENNUKEFLI VERÐA AÐ STOFUBORÐUM

Matthías selur borðin í versluninni ethic.is
sem hann rekur ásamt eiginkonu sinni

Matthías Haraldsson, öryggisfulltrúi hjá Fjarðaáli, hélt að hann væri alveg úti að aka þegar þegar honum datt í hug að endurvinna háspennukefli í hringborð, en það má með sanni segja að Ethic Circular borðin hafi slegið í gegn. Matthías selur borðin í versluninni ethic.is sem hann rekur ásamt eiginkonu sinni Hafrúnu Ósk Pálsdóttur. Í hefðbundnum vinnutíma gætir hann heilsu og öryggis starfsmanna Fjarðaáls.

Hvernig datt Matthías í hug að fara að framleiða borð úr háspennukeflum? „Hugmyndin kviknaði þegar við Hafrún vorum að keyra heim til Neskaupstaðar eftir að hafa verið með skyndiverslun (Pop-Up Shop) í Reykjavík með vefverslunina okkar Ethic. Ég sá kefli úti í móa og hugsaði með mér að það væri algjör synd að nýta ekki betur allt þetta hráefni. Að lokinni keyrslunni var komin viðskiptahugmynd og vöruleitið Ethic Circular sem endurspeglar hringrásarhagkerfið. Daginn eftir fann ég kefli í ruslahaug heima í Neskaupstað og hófst handa við að útbúa fyrsta borðið. Hvatvísinn réði ferðinni og án þess að vera búinn að framleiða eitt einasta borð sendi ég inn umsókn um þátttöku á Handverkshátíðinni í Hrafnagili og nokkrum dögum síðar kom jákvætt svar, þrátt fyrir að löngu væri búíð að loka fyrir skráningar. Þá var eiginlega ekki aftur snúið. Ég setti svo mynd af fyrsta borðinu sem ég bjó til á Facebook síðu Ethic og við höfum aldrei séð aðrar eins viðtökur við einni Facebook færslu. Þarna fékk ég staðfest að hugmyndin væri kannski ekki algalin. Ég fór jafnvel að trúa því að ég gæti selt eitt eða tvö borð með tíð og tíma, en það leið ekki á löngu þangað til fyrsta pöntunin kom, sem var mjög skemmtilegt.“

En hvernig verður háspennukefli að borði? „Framleiðsluferlið hefst á því að finna kefli í þokkalegu standi, koma því heim, taka það í sundur, háþrýstipvo, hreinsa hefti, lemja hvern einsta nagla niður, pússa, pússa, pússa og pússa og loks að lakka þau til að verja fyrir rauðvíns- og mjólkurslettum. Einnig mæli ég upp og merki fyrir fótum sem viðskipta-

vinirnir skrúfa svo sjálfir undir. Að lokum sendum við svo borðin frítt til viðskiptavina um allt land.“

Er smíðavininn ekkert að vefjast fyrir Matthíasi? „Ég byrjaði tólf ára gamall í smíðavinnu sem handlangari. Þar lærði maður ýmislegt og ekki bara hvernig átti að lemja niður þaksaum eða saga með handsög. Það var betra að kunna áttirnar þegar sækja átti plankann „austur fyrir hús“ og svo mikilvægasta verkið af öllum, uppáhellingin fyrir kaffitímann kl. 9 og 15 sem þótti mikið ábyrgðarstarf. Ég vann við smíðar á hverju sumri og tók einnig grunndeild tréiðna í Verkmenntaskóla Austurlands einn veturinn. Þannig að það má segja að ég hafi ágæta reynslu af því að vinna með tré, þótt ég sé alls enginn smiður.“

En hvernig kom verslunarreksturinn á Ethic til sögunnar? „Hafrún hafði gengið með hugmynd um verslun í kollinum í svolíttinn tíma en ég ekki sýndi því ekki nokkurn áhuga. Ég

„Það getur verið dálítið snúið að ná keflunum í sundur, sérstaklega þeim stóru,“ segir Matthías.



Hafrún Ósk Pálsdóttir og Matthías Haraldsson við keflaborð og fatnað í verslun sinni Ethic að Piljuvöllum 6 í Neskaupstað.



hafði í nógu að snúast í blaki og vinnu og hafði í raun engan áhuga á rekstri yfir höfuð. En smám saman jókst áhuginn og um haustið 2016 byrjuðum við að móta þessa hugmynd af einhverri alvöru. Við ætluðum að einblína á vandaðar og umhverfisvænar vörur sem væru framleiddar með sjálfbærni og gott siðferði að leiðarljósi. Fair Trade er hugtak sem nær mjög vel utan um alla þá þætti sem við viljum að framleiðendur uppfylli og nafnið Ethic varð fyrir valinu á versluninni. Áður en við vissum af vorum við komin með samninga við nokkur mjög flott merki og það án þess að vera með verslun! Við fengum fyrstu prufurnar í desember 2016 og til að gera langa sögu stutta opnaði netverslunin ethic.is svo í byrjun apríl 2017 og fékk strax mjög góðar viðtökur, þrátt fyrir ansi takmarkað vöruúrval. Til að byrja með vorum við með lagerinn í þvottahúsinu, svo færðist hann einnig yfir á svefnherbergisganginn og svo koll af kolli og hann fyllir núna tvöfaldan bílskúr og gott betur.“

Hérna er Matthías að ganga frá litlu sófaborði en borðin geta verið frá hálfum upp í tvo metra í þvermál. Fæturnir eru líka misvöldugir eftir stærð og hæð borðanna og hægt er að fá sterkari borð til að hafa utan dyra.



„ACTION“ SJÁLFBODÁVERKEFNI

Um 230 sjálfbóðaliðar öfluðu 2,4 milljónum til félaga-samtaka með átta Action hópverkefnum

Á hverju ári stendur Fjarðaál fyrir svokölluðum „Action“ sjálfbóðaliðaverkefnum með stuðningi Samfélagssjóðs Alcoa en á árinu 2019 var ráðist í 8 verkefni af því tagi. Fyrirtækið borgar 300.000 krónur með hverju verkefni. Myndirnar hér á síðunni sýna hluta af sjálfbóðaliðun-um. Alcoa Fjarðaál vill þakka þeim 83 starfsmönnum, fjölskyldum þeirra og vinum, samtals 244 manns sem tóku þátt í Action-verkefnunum í ár. Þá er umsjónarmönnum verkefnanna sérstaklega þakkað en þeir hafa lagt fram umfangsmikla vinnu við undirbúning og framkvæmd verkefnanna.



- 01 Björgunarsveitin Ársæll naut liðsinnis 22 sjálfbóðaliða við fjöruhreinsun á Reyðarfirði í ágúst.
- 02 Í apríl var unnið fyrir Björgunarsveitina Gerpír en þangað mættu 70 sjálfbóðaliðar og lögðu klæðningu á nýja bryggju sveitarinnar.
- 03 Um miðjan maí var unnið fyrir Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar. Tólf sjálfbóðaliðar gengu frá umhverfi vallahússins við Eskjувöll.
- 04 Síðasta Action-verkefni ársins var unnið í október fyrir Hollvínafélag gamla barnaskólans á Eskifirði en 18 sjálfbóðaliðar tóku vel til hendinni í gamla skólanum.
- 05 Undir lok maímánaðar unnu 29 sjálfbóðaliðar fyrir Lyftingafélag Austurlands og máluðu æfingahúsnæði félagsins
- 06 Í ágúst var farið í hressandi gönguferð í Hundsvík í Norðfirði. Gengið var til styrktar HSA undir fróðlegri og tryggri leiðsögn Benedikts Sigurjónssonar.
- 07 Í júní unnu 18 sjálfbóðaliðar fyrir Hestamannafélagið Blæ. Þeir máluðu dómshúsið, áhorfendapall o.fl.
- 08 Körfuknattleiksdeild Hattar fékk góðan liðsauka í júní en 61 sjálfbóðaliði vann við að ljúka frágangi við útikörfuboltavöll.

Sigurður Sveinsson

VERKAR MÖRG HUNDRUÐ ÁRA GAMLAN HÁKARL FYRIR ÞORRABLÓT

Hákarlaverkun og kæsing er áhugamál
sem Sigurður Sveinsson sinnir af alúð

Sigurður Sveinsson, öryggisfulltrúi hjá Fjarðaáli, hefur mik-
ið dálæti á hákarli, nánar tiltekið gömlum, kæstum græn-
landshákarli. Frá unga aldri hefur hann tengst veiðum og
verkun hákarls á Norðfirði. Þessa dagana er hann að þurrka
hákarl sem verður á borðum þorrablótsgesta á Austurlandi
eftir áramótin. Sigurður er líka hafsjór af fróðleik um þetta
merkilega fornaldardýr sem er meðal annars langlífasta
hryggdýr jarðar.

Sjóveikur á hákarlaveiðum

Siggi Sveins eins og hann er iðulega kallaður fór ungur að
árum á hákarlaveiðar. „Um fermingaráldur fékk ég að fara
með pabba á trillu að leggja hákarlalínu. Þegar við vorum
komnir á miðin opnaði pabbi tunnu með sel sem búið var að
ýlða í beitu á krókana. Lyktin var svo ólýsanlega vond að ég
var að íhuga að synda í land. Nokkrum dögum síðar fórum
við að vitja línunnar og upp úr djúpinu kom risavaxinn lifandi
hákarl, ekki beint sáttur við ónæðið. Mér leist ekkert á blik-
una en karl faðir minn tók upp haglabyssu í rólegheitum og
skaut skepnuna í hausinn eins og ekkert væri sjálfsagðara.
Svo var hákarlinn bundinn við síðuna á bátnum og dreginn
í land. Eftir það fór ég af og til með á hákarlaveiðar en það
var ekki alltaf hákarl á línunni“

Hákarlaverkun í frítúrum

Hafið heillaði og Sigurður gerðist togarasjómaður og hélt
áfram að rækta sambandið við hákarla. „Ég var á togaranum
Bjarti NK frá 1989 og þar slæddust stundum hákarlar
í trollið. Yfirleitt var komið með þá heila í land og í eitt
skiptið fannst enginn kaupandi þannig að ég fékk pabba til
að aðstoða okkur í áhöfninni við að verka hann sjálfir. Við
fengum að hengja hákarlinn upp í gömlu fiskverkunarhúsi
sem kallað er Ölvershúsið. Þegar ég fór svo yfir á frysti-
togarann Barða NK árið 1996 gat ég skorið hákarlana um
borð og sett í frystilestina og frystigeymslu í landi. Maður

gat svo dundað sér við að verka hákarlana í frítúrum. Ætli
ég hafi ekki verkað svona um tuttugu hákarla áður en ég
fór að vinna hjá Fjarðaáli í september 2006.“

„Parna var ég að skera hákarl á bryggjunni í Neskaupstað
árið 1998. Hafþór sonur minn (kerskálastarfsmaður í dag)
er tólf ára og stendur inni í hákarlinum en hinn aðstoðar-
maðurinn er Björgvín Hrannar bróðursonur minn. Ég var
búinn að fjarlægja hausinn af hákarlinum og var með hann
hangandi í tveimur stroffum í krana. Önnur stroffan var
bara til öryggis ef hin skyldi klikka,“ segir öryggisfulltrúinn.



Sigurður Sveinsson gæðir sér á kæstum hákarli.

Hákarlaverkun í hriðarbyl

Fyrir nokkrum árum verkaði Siggi svo hákarl með vini sínum
og þá vaknaði áhuginn aftur, þannig að álverjinn lét spyrjast
að hann vildi að kaupa hákarl. Kallið kom í janúar síðast-
liðnum, í miðjum Norðfjarðargöngunum, þegar Siggi var á
leið heim úr vinnu í rútunni. „Þá hringdi í mig skipstjóri sem
sagðist vera með óskorinn hákarl. Ég varð að svara strax
og sló til þótt ég hefði ekkert húsnæði og þyrfti að skera
hákarlinn úti í hriðarbyl, koma honum í kæsingu í gámi hjá
bróður mínum og hengja svo upp í opnum hjalli um vorið, en
það heppnaðist samt ljómandi vel.“

Hákarlaverkun í Ölvershúsi

Og skipstjórnarnir létu Sigga ekki í friði. „Í lok júní fékk ég
hringingu í vinnunni frá skipstjóra á Björgólfi EA sem bauð
mér tvo væna hákarla. Ég ætlaði að afpakka gott boð
kurteislega og bar við húsnæðisskortri, en Páll Freysteins-
son, sem sat við hliðina á mér, hristi hausinn og truflaði
símtalið. Þannig var að Páll hafði þá eignast Ölvershúsið
ásamt öðrum aðila og vildi ólmur leggja það undir hákarla-
verkun. Það varð því úr að við Páll keyptum hákarlana og
skárum þá strax eftir vinnu og geymdum í frysti fram í lok
september, þegar við settum þá í kös. Nú hanga þeir uppi í
hjallinum á efstu hæð Ölvershússins og eru að verða tilbúnir
fyrir þorrablótin. Við erum búnir að smakka framleiðsluna
og erum mjög sáttir við útkomuna.“

Kæsing er lífsnauðsynleg afeitrun

Siggi hefur kynnt sér í þaula út á hvað hákarlaverkun gengur.
„Hákarlar komu til sögunnar löngu á undan risaeðlum eða
fyrir meira en 420 milljónum ára. Hákarlinn hefur ekki
þvagkerfi þannig að í holdinu er mikið af þvagefni sem gerir
ferskan hákarl eitrandan og hættulegan til átu. Við kæsingu
gerjast þvagefnið í ammoníak sem rýkur að mestu burt en

gefur þó hákarlinum sterkt bragð og stæka lykt. Áður fyrr
var hákarl kæstur í malar- eða sjávarkambi en seinni tíð
er notast við trékassa eða plastkör. Lyktin af hákarlinum
kom af stað þeim sögusögnum að migið væri á hann í
gryfjunum. Kæsingin getur tekið einn til þrjá mánuði og
eftir það er hákarlinn hengdur upp til þurrkunar í tvo til
fimm mánuði.“

Upplifa næstum eilífa æsku

Siggi segir að hákarl sé ekki bara góður á bragðið heldur
sé hann líka hollur og dagleg neysla hákarls og hákarlalýsis
stuðli að æskuljóma. „Grænlandshákarlinn er langlífasta
hryggdýr jarðar. Kvendýrið gýtur allt að tíu ungum sem
fæðast um 40 sentimetra langir og komast nálægt því að
upplifa eilífa æsku því talið er að dýrin verði ekki kyn-
þroska fyrr en við 150 ára aldur. Rannsóknir benda til þess





Skorinn hákarl við Ölvershúsið.

að þau lengist um hálfan til einn sentimetra á ári og veiðst hafa 640 sentímetra metra löng dýr. Danskir vísindamenn aldursgreindu 28 grænlandshákarla með geislakolsaðferð og birtu niðurstöðurnar í vísindatímaritinu Science árið 2016. Elsti hákarlinn, meira en fimm metra langur, var á bilinu 272 til 512 ára gamall og líklegast um 392 ára. En þess má geta að elsta dýr, sem fundist hefur á jörðinni, var kúfiskel sem veiddist við Grímsey árið 2007 og reyndist vera 507 ára gömul.”

Rólegheitalíf í undirdjúpunum

Langlífi grænlandshákarlsins tengist mjög líklega lífsháttum hans, að sögn Sigga. „Allt sitt líf dvelur hann í köldum

heimskautasjó Norður-Atlantshafs og Norður-Íshafs og kuldinn hægir á líkamsstarfsemi. Grænlandshákarl hefur fundist á 2.200 metra dýpi og á sumrin er algengt að hann sé á 180-730 metra dýpi en á veturna er hann nær yfirborðinu. Grænlandshákarlinn syndir að jafnaði á rúmlega eins kílómetra hraða en getur þó verið snar í snúningum. Hann veiðir ýmiss konar sjávardýr úr launsátri og leitar uppi rotnandi hræ með afar næmu þefskyni.

Á hornhimnu grænlandshákarla er algengt að finna smávaxið krabbadýr. Norskur sjávarlíffræðingur, Bjorn Berland, telur að krabbadýrið búi yfir lífjómun og laði að sér dýr sem hákarlinn hremmir, þannig að um samhljál milli þessara ólíku tegunda sé að ræða. Aðrir líffræðingar efast hins vegar um hljálpsemina og segja krabbadýrið lifa sníkjulífi og skemma hornhimnuna.

Vanmetnasti nytjafiskur Íslendinga

Siggi fullyrðir að hákarlinn sé vanmetnasti nytjafiskur Íslendinga. „Hákarl hefur verið veiddur við Ísland öldum saman. Farið var í svokallaðar hákarlalegur á opnum bátum og hver veiðiferð gat tekið allt upp í tvær vikur. Lífrin úr hákarlinum var brædd og lýsið notað til að lýsa upp borgir í Evrópu. Hákarlalýsi varð ein verðmætasta útflutningsafurð Íslendinga og hákarlaveiðar urðu undirstaða þilskipaútgerðar á 19. öldinni. Þegar útflutningurinn var sem mestur nam hann um 13.000 tunnum af hákarlalýsi á ári. Undir lok 19. aldar drógust veiðarnar saman þegar farið var að nota steinolíu í stað hákarlalýsis sem ljósmeti. Eiginlegar hákarlaveiðar við Ísland lögðust svo nánast af á 20. öldinni og núna slæðist meirihluti aflans í veiðarfæri togskipa sem meðaflí.”



Á hornhimnu grænlandshákarla er algengt að finna smávaxið krabbadýr

Sjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright

STYRKUR TIL VÍSINDASAMFÉLAGSINS

Vilmundur Guðnason hlýtur heiðursverðlaun úr Verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright

Allt frá árinu 2005 hefur Alcoa Fjarðaál verið annar hollvina Verðlaunasjóðs Ásu Guðmundsdóttur Wright. Verðlaunin eru árlega veitt íslenskum vísindamanni sem náð hefur framúrskarandi árangri á sínu sérsviði í vísindum eða fræðum og miðlað þekkingu sinni til framfara í íslensku þjóðfélagi. Þekktir vísindamenn á hinum ýmsu sviðum hafa hlotið verðlaunin.

Verðlaunin eru heiðursskjal og silfurpeningur með lágmynd Ásu og merki Vísindafélags Íslendinga, en nafn þiggjanda og ártal er grafið í jaðarinn. Þá fylgdi í ár þriggja milljóna króna peningagjöf frá hollvinum sjóðsins, Alcoa Fjarðaáli og Brimi hf., sem eru ein veglegustu verðlaun sem veitt eru vísindamönnum hér á landi.

Í ár hlaut Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, heiðursverðlaunin fyrir brautryðjendastarf í að samtvinnu rannsóknir á hjarta- og æðasjúkdómum og erfðum þeirra. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti Vilmundi verðlaunin við hátíðlega athöfn í Þjóðminjasafninu föstudaginn 6. desember sl.

Vilmundur Guðnason hefur starfað sem forstöðulæknir Hjartaverndar um 20 ára skeið og hann er einnig prófessor við læknadeild Háskóla Íslands með áherslu á erfðir hjarta- og æðasjúkdóma. Niðurstöður úr rannsóknum Hjartaverndar hafa enn fremur lagt grunninn að þekkingu á helstu áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma á Íslandi og verið undirstaða markvissra forvarna gegn þessum sjúkdómum. Út frá rannsóknunum hefur enn fremur verið þróaður áhættureiknir fyrir hjarta- og æðasjúkdóma sem er aðgengilegur á netinu.

Vilmundur hefur ásamt samstarfsfólki nýtt nákvæm og ítarleg gögn um arfgerðir hjá stórum hópi landsmanna til þess að skoða erfðavísa sem hafa áhrif á líkindi á flóknum en algengum langvarandi sjúkdómum, eins og hjarta- og æðasjúkdómum. Nýjustu rannsóknir Vilmundar tengjast ýmsum þáttum öldrunar, allt frá beinþynningu til heyrnar-



Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, ásamt þeim Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands (t.h.), og Jóni Atla Benediktssyni, rektor Háskóla Íslands (t.v.). Mynd: Jón Örn Guðbjartsson

taps, lungnasjúkdóma og bandvefsmýndunar í lungum, háþrýstings og æðakölkunar.

Vilmundur Guðnason er fæddur hinn 15. janúar 1954. Hann lauk BS-prófi og kandidatsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1985 og doktorsprófi í erfðafræði frá University College í London árið 1995.

Um sjóðinn

Ása Guðmundsdóttir Wright, stofnandi sjóðsins, átti ásamt eiginmanni sínum, dr. Henry Newcomb Wright, jörð í Trínidad í Vestur-Indíum en þar ráku þau hjón plantekru í fögru landsvæði. Ása og Henry voru barnlaus og ráðstafaði Ása jarðeign sinni til félags fuglaskoðara og stofnaði fuglafriðland. Andvirði bújarðarinnar í dollurum varði Ása meðal annars til stofnunar sjóðs í tengslum við Vísindafélag Íslendinga, sem í rúm 50 ár hefur veitt viðurkenningu Íslendingi sem unnið hefur veigamiknið vísindalegt afrek á Íslandi eða fyrir Ísland.

Listaverk úr áli

ÁL RÆN NYTJALIST

Ál er til margra hluta nyttsamlegt og hægt er að endurvinna það aftur og aftur. Hversdagslegir hlutir úr áli geta svo sannarlega verið nytjalist og eru jafn-vel hafðir til sýnis á virtum listasöfnum.



Sprittkert breytast í stóla

Fyrir jólin 2018 hafði Samál, Samtök álframleiðenda, frumkvæði að sérstakri söfnun áls í sprittkertum undir yfirskriftinni „Gefum jólaþjósum lengra líf“. Tilgangurinn var að efla vitund þjóðarinnar um mikilvægi þess að flokka og endurvinna það ál sem fellur til hjá heimilum og fyrirtækjum. Fjögur teymi hönnuðu svo muni til framleiðslu úr álinu í samstarfi við Málmosteypuna Hella og voru munirnir sýndir á afmælisopnun Hönnunarmars í Hafnarhúsinu. Þar á meðal var stóllinn Kollhrif sem Studio Portland í Reykjavík hannaði úr áli og korki. Í stóllinn fóru 14.400 bikarar undan sprittkertum. Stóllinn þjálfar jafnvægi og styður við rétta setstöðu. Uppréttur nýtist hann sem sæti við skrifborð eða eldhúsborð. En það er líka hægt er að loka honum með því að fella stöngina inn í raufina í botninum og þá nýtist hann sem gólfessa. Kollhrif sigraði í hönnunarsamkeppni Norrænu ráðherranefndarinnar Sustainable Nordic Design Competition, en tekið skal fram að stóllinn er enn í þróun.

Kolefnissporslaus fartölva?

Tölvutækni þróast með slíkum ógnarhraða að tölvur geta orðið fáránlega úreltar og gamaldags á augabragði. Steve Jobs, forstjóri Apple, þótti því djarfur (eða ruglaður) þegar hann kynnti MacBook Air til sögunnar árið 2008 sem sígilda, tímalaus og umhverfisvæna hönnun. Þessi örpunna fartölva hefur vissulega staðist tímans tönn og útlitið er nánast óbreytt tólf árum síðar, þótt tölvubúnaðurinn og skjárin hafi fengið uppfærslur. Umgjörðin er rennd úr heilli álblokk í ofurnákvæmum rennibekk. Apple notar nú alfarið endurunnið hágæðaál í umgjörðina sem minnkar kolefnissporið um 50% og fyrirtækið ætlar að gera enn betur í samstarfi við Alcoa, Rio Tinto og ríkisstjórn Quebec í Kanada. Samstarfsverkefnið ELYSIS gengur út á þróa til fulls álframleiðslu sem ekki losar neinn koltvísýring. Þess í stað klofnar súrálið í hreint súrefni og ál. Nýverið fékk Apple fyrstu sendinguna af „kolefnislausu“ áli sem framleitt var með ELYSIS aðferðinni í Tæknimiðstöð Alcoa í Pittsburgh.



Álvir eða pönnukökupönnur

Íslenska pönnukökupannan er sígild nytjalist sem Málmosteypa Hella í Hafnarfirði hefur framleitt úr áli síðan 1950. Guðmundur Jóhannsson, framleiðslutæknir hjá Fjarðaáli, er eins og flestir Íslendingar mjög hrifinn af pönnukökum. Hann fékk þá hugmynd að breyta aukaafurðum úr víravél Fjarðaáls í pönnukökupönnur. Hugmyndin þótti svo góð að Fjarðaál fékk Málmosteypuna Hella til þess að bræða afgangana og steypa úr þeim hina vinsælu pönnu. Allir starfsmenn Fjarðaáls fá svo pönnukökupönnuna sérmerktu Alcoa í jólagjöf frá fyrirtækinu í ár. Á myndinni heldur Guðmundur á pönnunni sinni og sýnishorni af hráefninu. Til þess að framleiða álvir þarf fyrst að steypa ferstrenda stöng sem er svo völsuð niður í ávalan vír og rúllað upp. Ekki verður hjá því komist að klippa hluta af stönginni niður í búta sem að jafnaði eru endurbræddir hjá Fjarðaáli en það er líka hægt að nota þá í pönnukökupönnur.

Sítrónupressa á listasöfnum

Sítrónupressan Juicy Salif sem Frakkinn Philippe Starck hannaði fyrir ítalska fyrirtækið Alessi hefur öðlast þvílíkan sess fyrir frumlega hönnun og notagildi að hún er höfð til sýnis meðal annars í Museum of Modern Art í New York. Hugmyndina fékk Starck þegar hann var að gæða sér á kolkrabba á ítölskum veitingastað og fannst vanta sítrónu. Starck rissaði hönnunina á munnþurku og sendi forstjóra Alessi, sem sá bara mynd af kolkrabba og botnaði hvorki upp né niður í skýringunum sem fylgdu teikningunni. Juicy Salif er búin til úr steiptu og fægðu áli og er 29 sentimetrar á hæð. Hún kom fyrst á markað árið 1990 og hefur notið ómældra vinsælda síðan. Til þess að fagna tíu ára afmæli sítrónupressunnar árið 2000 lét Alessi framleiða 9.999 gullhúðaðar og númeraðar pressur en þær voru alls ekki ætlaðar undir sítrónur því sýran skemmir gyllinguna. Þessar 9.999 gersamlega ónothæfu sítrónupressur eru nú eftir-sóttar safnaravörur og seljast dýrum dómum.



Álvir í sítrónuskálum

Að lokum er hérna örlítið dæmi um fjölbreytt notagildi álvíra. Megnið af álvírunum sem Fjarðaál framleiðir verður að leiðurum í háspennuköplum, en álvírar eru einnig notaðir til að afoxa stál og sumir verða að málmræmum í peningaseðlum. Alessi býr hins vegar til skálar úr álvírum og þær eru alveg tilvaldar undir sítrónur.



Gleðilega hátíð

Alcoa Fjarðaál óskar íbúum Austurlands gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári með þökkum fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

Fjarðaál
alcoa.is

